# Fundargerð 286. fundar
# sveitarstjórnar Flóahrepps

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg |
| **Fundardagur:** | þriðjudagur 5. september 2023 |
| **Fundartími:** | 9:00-11:00 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson oddviti<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Walter Fannar Kristjánsson<br>Harpa Magnúsdóttir<br>Elín Höskuldsdóttir |

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Kynning frá byggðaþróunarfulltrúa neðri hluta Árnessýslu**
   Ingunn Jónsdóttir byggðaþróunarfulltrúi SASS í neðri hluta Árnessýslu kom til fundarins og k kynnti hlutverk byggðaþróunarfulltrúa og hvernig það hlutverk getur nýst Flóahreppi og íbúum sveitarfélagsins.
   Ingunni þakkað fyrir góða kynningu.
   Sveitarstjórn felur landbúnaðar- og atvinnumálanefnd að finna tíma með Ingunni og skoða möguleikann á kynningu á Uppbyggingarsjóði fyrir íbúa, atvinnurekendur og félagasamtök í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hvetur landbúnaðar- og atvinnumálanefnd og íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd til þess að fá kynningu frá byggðaþróunarulltrúa fyrir nefndarmenn.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
2. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 264, dags. 23.08.2023**
   a) **Hnaus lóð L178933; Byggingarheimild; íbúðarhús og gestahús – 2307006**
      Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Andrzej Leszczynski, móttekin 03.07.2023, um byggingarheimild fyrir 84 m2 íbúðarhús og 24,5 m2 gestahús á landinu Hnaus lóð L178933 í Flóahreppi.
      *Það sem um uppbyggingu á áður óbyggðri lóð er að ræða mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að farið verði fram á að unnið verði deiliskipulagsáætlun sem tekur til byggingarheimilda innan lóðarinnar. Að mati nefndarinnar er deiliskipulagning landsins forsenda útgáfu byggingarheimildar fyrir íbúðarhúsi og gestahúsi innan þess. Nefndin mælist til þess að útgáfu byggingarheimildar verði frestað.*

      Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Andrzej Leszczynski, móttekin 03.07.2023, um byggingarheimild fyrir 84 m2 íbúðarhús og 24,5 m2 gestahús á landinu Hnaus lóð L178933 í Flóahreppi.
      Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að unnin verði deiliskipulagsáætlun sem tekur til byggingarheimilda innan lóðarinnar þar sem um uppbyggingu á áður óbyggðri lóð er að ræða. Deiliskipulag landsins er forsenda útgáfu byggingarheimildar fyrir íbúðarhúsi og gestahúsi innan þess. Sveitarstjórn frestar útgáfu byggingarheimildar.
      Samþykk með 5 atkvæðum.
   b) **Mjósyndi L166367; Byggingarheimild; sumarbústaður – 2305079**
      Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttekin 22.05.2023, fyrir 121,5 m2 sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi.
      *Að mati skipulagsnefndar UTU má ætla á framlögðum uppdráttum að um gistihús sé að ræða en ekki sumarhús. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfu byggingarheimildar verði frestað í núverandi mynd og nánar verði gert grein fyrir áætlaðri notkun hússins. Ef um gistihús er að ræða telur nefndin æskilegast að unnið verði deiliskipulag fyrir bæjarhlaðið sem skilgreinir heimildir fyrir uppbyggingu gistihúss á landinu*

Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttekin 22.05.2023, fyrir 121,5 m2 sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi.
Sveitarstjórn frestar útgáfu byggingarheimildar í núverandi mynd og fer fram á að nánar verði gert grein fyrir áætlaðri notkun hússins þar sem framlagðir uppdrættir gefa til kynna að um gistihús sé að ræða en ekki sumarhús. Sveitarstjórn fer fram á að unnið verði deiliskipulag fyrir bæjarhlaðið ef um gistihús að ræða og skal skipulagið skilgreina heimildir fyrir uppbyggingu gistihúss á svæðinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Skálmholt land E L190226; Kvistur og Hæðarþúfa; Stofnun lóða – 2303078**

Fyrir liggur umsókn frá Kristínu Benediktsdóttur er varðar stofnun 50.000 fm lóðar, Kvistur, úr landi Skálmholts land E L190226. Málið hefur áður hlotið afgreiðslu þar sem gert var ráð fyrir stofnun 20.000 fm lóðar er því málið lagt fram að nýju vegna stækkunar á lóðinni. Jafnframt er óskað eftir því að stofna 50.000 fm lóð sem fái staðfangið Hæðarþúfa. Upprunalandið verður 5.091,6 fm eftir skiptingu landsins.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Kristínu Benediktsdóttur er varðar stofnun 50.000 fm lóðar, Kvistur, úr landi Skálmholts land E L190226. Málið hefur áður hlotið afgreiðslu þar sem gert var ráð fyrir stofnun 20.000 fm lóðar er því málið lagt fram að nýju vegna stækkunar á lóðinni. Jafnframt er óskað eftir því að stofna 50.000 fm lóð sem fái staðfangið Hæðarþúfa. Upprunalandið verður 5.091,6 fm eftir skiptingu landsins.
Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðanna skv. fyrirliggjandi umsókn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Eystri – Loftsstaðir 10 L227155 og 12 L227157; Sameining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag – 2308006**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Lofsstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu, hesthúss og stökum smáhýsum ætluðum til útleigu. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð.
*Að mati skipulagsnefndar fellur framlögð deiliskipulagsáætlun ekki að markmiðum aðalskipulags er varðar aðra atvinnustarfsemi á á landbúnaðarlandi þar sem engin eiginleg landbúnaðarstarfsemi er innan landsins í dag. Að mati nefndarinnar er því eðlilegt að meginnotkun hluta landsins verði skilgreind í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði í takt við framlagða breytingu á deiliskipulagi.*
*Skipulagsnefnd mælist því til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að umsækjanda verði eftir eftir atvikum ýmist gert að minnka umfang verslunar- og þjónustutengdra byggingar eða óska samhliða eftir óverulegri breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreindur verði viðeigandi landnotkunarreitur fyrir verslun- og þjónustu innan svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Lofsstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu, hesthúss og stökum smáhýsum ætluðum til útleigu. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð.
Sveitarstjórn telur að framlögð deiliskipulagsáætlun falli ekki að markmiðum aðalskipulags er varðar aðra atvinnustarfsemi á á landbúnaðarlandi þar sem engin eiginleg landbúnaðarstarfsemi er innan landsins í dag. Sveitarstjórn fer fram á að meginnotkun hluta landsins verði skilgreind í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði í takt við framlagða breytingu á deiliskipulagi.
Sveitarstjórn fer fram á að umsækjandi minnki umfang verslunar- og þjónustutengdra byggingar eða óski samhliða eftir óverulegri breytingu á aðalskipulagi þar sem

skilgreindur verði viðeigandi landnotkunarreitur fyrir verslun- og þjónustu innan svæðisins. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Voli L166287; Framkvæmdarleyfi – 2308037**

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Degi Sigurðssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vegar og nýrrar vegtengingar við Villingaholtsveg að jörðinni Vola L166287. Vegurinn fer um lóð Lambastaða land 3 L199639 sem er einnig í eigu umsækjanda. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar vegna málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Fyrir liggur umsókn frá Sigurði Degi Sigurðssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vegar og nýrrar vegtengingar við Villingaholtsveg að jörðinni Vola L166287. Vegurinn fer um lóð Lambastaða land 3 L199639 sem er einnig í eigu umsækjanda. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar vegna málsins.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki eru aðrir hagsmunaaðilar, annar en umsækjandi, innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til og því fer sveitarstjórn ekki fram á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Skógsnes 2; Verslun- og þjónusta; óveruleg breyting á aðalskipulagi – 2308042**

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæðis í landi Skógsness 2.

*Að mati skipulagsnefndar er breytingin í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um að landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein og að byggð í dreifbýli sé styrkt. Hún samræmist einnig landskipulagsstefnu um að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands. Að mati nefndarinnar er viðeigandi að skilgreina verslun- og þjónustu með hringtákni fyrir afmarkaðan reit á jörðinni til að stefna um uppbyggingu innan hennar sé skýr. Að mati nefndarinnar um óverulega breytingu á aðalskipulagi að ræða þar sem hún samræmist öllum markmiðum gildandi aðalskipulags uppbyggingu á smábýlum þar sem landbúnaður er meginstarfsemi.*

Fyrir liggur tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæðis í landi Skógsness 2.
Að mati sveitarstjórnar er breytingin í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um að landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein og að byggð í dreifbýli sé styrkt. Hún samræmist einnig landskipulagsstefnu um að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands. Að mati sveitarstjórnar er viðeigandi að skilgreina verslun- og þjónustu með hringtákni fyrir afmarkaðan reit á jörðinni til að stefna um uppbyggingu innan hennar sé skýr. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á aðalskipulagi að ræða þar sem hún samræmist öllum markmiðum gildandi aðalskipulags um uppbyggingu á smábýlum þar sem landbúnaður er meginstarfsemi.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu á óverulegri breytingu á aðalskipulagi og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi og verði auglýst og sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Laugardælur L166253: Efri-Laugardælaeyja vegsvæði; Stofnun lóðar – 2307045**

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 4.691 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla L166253.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 4.691 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla L166253.
Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Kríumýri L166232; Færsla lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2307042**
Lögð er fram umsókn frá Herði Harðarsyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Kríumýri. Í breytingunni felst að lóð 2 er færð norð-vestur sem nemur um 33 m og nýr aðkomuvegur kemur að lóðinni meðfram lóð nr. 1.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Fyrir liggur umsókn frá Herði Harðarsyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Kríumýri. Í breytingunni felst að lóð 2 er færð norð-vestur sem nemur um 33 m og nýr aðkomuvegur kemur að lóðinni meðfram lóð nr. 1.
Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi fer sveitarstjórn ekki fram á grenndarkynningu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Hraungerði L166239; Tækjahús Mílu ehf lóð; Stofnun lóðar – 2307019**
Lögð er fram umsókn frá Mílu er varðar stofnun 72 fm lóðar umhverfis tækjahús Mílu í landi Hraungerðis.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Mílu er varðar stofnun 72 fm lóðar umhverfis tækjahús Mílu í landi Hraungerðis.
Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Hraungerði L166239; Spennistöð lóð; Stofnun lóðar – 2307013**
Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi um stofnun 55 fm lóðar umhverfis spennistöð RARIK á landi Hraungerðis L166239.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Flóahreppi um stofnun 55 fm lóðar umhverfis spennistöð RARIK á landi Hraungerðis L166239.
Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

k) **Hnaus 2; Mosató 2 L225133; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting – 2207020**
Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu á lóð Mostató 3 að Hnausi 2. Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölga herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m2. Einnig er fellt út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020, í B-deild, enda er byggðin tengd Vatnsveitu Flóahrepps. Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags á Hnausjörðinni, þar sem skilgreind frístundabyggð og skógræktar- og landgræðslusvæði breytist í landbúnaðarland. Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulags er varðar verslunar- og þjónustusvæðið VÞ11. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu á lóð Mostató 3 að Hnausi 2. Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölga herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m2. Einnig er fellt út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020, í B-deild, enda er byggðin tengd Vatnsveitu Flóahrepps. Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags á Hnausjörðinni, þar sem skilgreind frístundabyggð og skógræktar- og landgræðslusvæði breytist í landbúnaðarland. Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulags er varðar verslunar- og þjónustusvæðið VÞ11. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**l) Mosató 3 L225133; Aukið byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting – 2111083**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Heimilt verði að hafa hótelið á 2 hæðum. Samtals er gert ráð fyrir um 3.000 m² byggingarmagni á lóðinni. Stækkun hótels og tæknirýmis eru þar innifalin ásamt jarðhýsi með böðum og sauna sem búið er að byggja. Gert er ráð fyrir allt að 27 hótelherbergjum, veitingasal, eldhúsi, móttöku, skrifstofu fyrir starfsmenn, herbergi starfsmanna, salerni, skolherbergi, inntaksrými og fl. Stök lítil (65m²) starfsmannahús eru einnig heimiluð á lóðinni enda tengjast þau beint starfsemi hótelsins. Hámarkshæð frá gólfi í mæni er 8 m. Heimild er að setja lyftu í hótelið og á þeim stað má heildarhæð vera í samræmi við þann búnað sem lyftuhús krefst. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til aukinna heimilda á lóðinni.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Innan umsagnar Umhverfisstofnunar er tiltekið að nánar skuli fjallar um fráveitumál í breytingunni. Skipulagsnefnd telur að fjallað séu um fráveitumál svæðisins með fullnægjandi hætti innan gildandi deiliskipulags þess, breyting þessi tekur ekki sérstaklega til breytinga á fráveitumálum og gilda því núverandi skilmálar skipulagsins er það varðar. Engar aðrar athugasemdir komu fram vegna málsins hvorki almennar né innan umsagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Heimilt verði að hafa hótelið á 2 hæðum. Samtals er gert ráð fyrir um 3.000 m² byggingarmagni á lóðinni. Stækkun hótels og tæknirýmis eru þar innifalin ásamt jarðhýsi með böðum og sauna sem búið er að byggja. Gert er ráð fyrir allt að 27 hótelherbergjum, veitingasal, eldhúsi, móttöku, skrifstofu fyrir starfsmenn, herbergi starfsmanna, salerni, skolherbergi, inntaksrými og fl. Stök lítil (65m²) starfsmannahús eru einnig heimiluð á lóðinni enda tengjast þau beint starfsemi hótelsins. Hámarkshæð frá gólfi í mæni er 8

m. Heimild er að setja lyftu í hótelið og á þeim stað má heildarhæð vera í samræmi við þann búnað sem lyftuhús krefst. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til aukinna heimilda á lóðinni.
Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Innan umsagnar Umhverfisstofnunar er tiltekið að nánar skuli fjallað um fráveitumál í breytingunni. Sveitarstjórn telur að fjallað sé um fráveitumál svæðisins með fullnægjandi hætti innan gildandi deiliskipulags þess, breyting þessi tekur ekki sérstaklega til breytinga á fráveitumálum og gilda því núverandi skilmálar skipulagsins er það varðar. Engar aðrar athugasemdir komu fram vegna málsins hvorki almennar né innan umsagna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 189, dags. 16.08.2023 og nr. 190, dags. 30.08.2023**
Lagðar fram til kynningar.
4. **Kaldavatnsöflun úr Kaldárhöfða**
Fyrir liggur greinargerð vegna umsóknar um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða ásamt minnisblaði um rannsóknir á vatnslindum í Kaldárhöfða og fundargerð frá samráðshópi vegna samvinnu Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar vegna kaldavatnsöflunar. Búið er að kostnaðarmeta rannsóknarboranir og ráðgjöf við verkið og helstu leyfi komin. Lagt er til að sveitarfélögin sem eiga aðild að samstarfinu skipti rannsóknarkostnaði jafnt á milli sín.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að rannsóknarkostnaði verði skipt jafnt á milli sveitarfélaganna sem koma að samstarfinu og að Grímsnes- og Grafningshreppur verði skilgreindur verkkaupi og geri verkið upp við Flóahrepp. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði viðauki II við fjárhagsáætlun 2023 að upphæð 5.000.000 kr vegna þessa og að viðauka verði mætt með lækkun á eigin fé. Sveitarstjóra falið að ganga frá viðauka II við fjárhagsáætlun 2023 og að tilkynna hann til viðkomandi aðila. Hluti kostnaðar fellur mögulega á næsta ár og þarf sveitarstjórn að gera ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun 2024. Sveitarstjórn leggur áherslu á að fá upplýsingar frá verkkaupa ef fyrirséð er að kostnaður verði meiri en gert er ráð fyrir í áætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Erindi frá Ölmu Hlíðberg – Sorphirðumál frístundahúsa**
Fyrir liggur erindi frá Ölmu Hlíðberg varðandi sorphirðumál frístundahúsa í Flóahreppi. Í erindinu er óskað eftir því við sveitarstjórn að fundin verði lausn á því hvernig og hvar eigendur frístundahúsa eigi að losa sig við sorp. Í erindinu kemur fram að opnunartími hjá Íslenska Gámafélaginu í Hrísmýri gagnist ekki frístundahúsaeigendum. Einnig er gagnrýnt að grenndargámar séu við eitt frístundahúsahverfi í sveitarfélaginu en ekki á fleiri stöðum fyrir aðra eigendur frístundahúsa. Farið er framá að sveitarfélagið finni lausnir á sorplosun fyrir frístundahúsaeigendur þar sem eigendur greiða sorpeyðingargjald af fasteigninni.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Ljóst er að ýmsar breytingar hafa orðið í tengslum við ný lög um meðhöndlun úrgangs á landsvísu. Í samþykktum sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs kemur fram að húsráðanda frístundahúss er ekki skylt að hafa grunneiningu sorpíláta en getur óskað eftir því á eigin kostnað og skal samkomulag um slíka grunneiningu gert milli húsráðanda frístundahúsnæðis og þjónustuverktaka sem er Íslenska Gámafélagið. Einnig er heimilt fyrir fleiri en einn húsráðanda frístundahúsnæðis að sameinast um ílát. Ef húsráðandi frístundahúss óskar ekki eftir grunneiningu sorpíláta þá skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins. Misjafnt er hvort eigendur frístundahúsa telji þörf á sorpílátum við hús sín og margir nýta sér gámasvæði í Hrísmýri eða fjarlægja sorp á annan hátt frá húsnæði sínu. Varðandi sorpeyðingargjald þá greiða allir fasteignaeigendur tilgreint þjónustugjald og er sveitarfélaginu heimilt að leggja slíkt jafnaðargjald á alla fasteignaeigendur til að mæta kostnaði við rekstur sorpkerfisins. Meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi sem þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má

ekki falla niður þótt einhverjir íbúar eða fasteignaeigendur nýti sér hana ekki. Gjaldið nær ekki til kostnaðar vegna sorpíláta eða sorphirðu einstaklinga eða fyrirtækja þar sem hver og einn skal greiða í samræmi við notkun vegna heimilis- eða rekstrarúrgangs.
Í erindinu er talað um mismunun á þjónustu vegna grenndargáma við eina frístundabyggð í sveitarfélaginu. Umræddir grenndargámar eru staðsettir á einum stað nærri frístundabyggð í Mörk og Merkurhrauni og er það gert í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023 þar sem 20 eða fleiri frístundahús eru í hverfi. Í Mörk og Merkurhrauni er starfandi félag í frístundabyggð skv. 17. gr. laga nr. 75/2008. Kostnaður við rekstur slíkra grenndargáma skal vera á hendi sumarhúsafélagsins í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.
Sveitarstjórn telur að í boði sé fullnægjandi farvegur fyrir frístundahúsaeigendur til að losna við úrgang með sorphirðu skv. samþykktum um meðhöndlun úrgangs og skal það gert á kostnað frístundahúsaeigenda þ.e með því að fá grunnílát á sinn kostnað í samráði við þjónustuverktaka ef ekki er hægt að notast við opnunartíma gámasvæðis í Hrísmýri.
Sveitarstjórn felur umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins að fjalla um innsent erindi og bókun sveitarstjórnar og veita umsögn vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Erindi frá Evu Lind Höskuldsdóttur – Vegmerkingar við Hnaus og Mosató**

Fyrir liggur erindi um aðreinar og vegmerkingar við Hnaus og Mosató frá Evu Lind Höskuldsdóttur fyrir hönd íbúa í Mosató og Hnausi. Í erindinu er óskað eftir því að gerð verði stutt aðrein að afleggjaranum í akstursleið til austurs og útskot í akstursleið til vesturs. Einnig er óskað eftir að vegmerkingar við Hnaus og Mosató verði bættar til að auðveldara sé að átta sig á staðháttum, ekki síst vegna viðbragðsaðila og þjónustu svo sem póstþjónustu, skólabíla og sorphirðu.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn tekur undir þörf á aðgerðum til að auka umferðaröryggi við þjóðveg 1 enda mikil og aukin umferð alla daga ársins. Sveitarstjórn telur að þörf sé á að skoða fráreinar og aðreinar á fleiri stöðum við þjóðveg 1 til að auka umferðaröryggi allra sem um veginn fara. Í ljósi bókunar sveitarstjórnar frá fundi þann 15. ágúst 2023 og erindis vegna lækkunar hámarkshraða á Villingaholtsvegi við Vatnsenda þá felur sveitarstjórn umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins að fjalla um leiðir til að auka umferðaröryggi innan sveitarfélagsins. Sú samantekt verði lögð fyrir sveitarstjórn og áframsend á Vegagerðina og aðra viðeigandi aðila.
Varðandi vegmerkingar þá er sveitarstjóra falið að skoða núverandi staðarvísa og hugsanlega frekari vegmerkingar við Hnaus og Mosató í samráði við Vegagerðina. Staðarvísar svo sem að býlum eða íbúðarhúsum eru greiddir af sveitarfélaginu en Vegagerðin sér um pantanir og uppsetningu skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu**

Fyrir liggur umsögn stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Frestur til að skila inn umsögnum í samráðsgátt var framlengdur og er til og með 8. september næstkomandi. Sveitarstjóri lagði tillögu að umsögn til starfshóps fram á fundinum.
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá umsögn í takti við umræður fundarins og senda á starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Upplýsingar úr bókhaldi janúar-júní**

Sveitarstjóri kynnti stöðu málaflokka eftir 6 mánuði. Staða er eftirfarandi:

| **Málaflokkur** | **Hlutfall af áætlun ársins** |
|---|---|
| Félagsþjónusta | 55,38% |
| Fræðslu og uppeldismál | 50,75% |
| Menningarmál | 48,06% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 38,31% |
| Brunamál- og almannavarnir | 49,4% |
| Hreinlætismál | -307,04%* |
| Skipulags- og byggingarmál | 59,66% |

| | |
|---|---|
| Umferðar- og samgöngumál | 50,84% |
| Umhverfismál | 20,84% |
| Atvinnumál | 62,58% |
| Sameiginlegur kostnaður | 53,6% |

**Þjónustugjöld koma öll fram í upphafsálagningu ársins vegna sorphirðu*

Ef skoðaðir eru þrír stærstu málaflokkarnir: Fræðslu- og uppeldismál, sameiginlegur kostnaður og félagsþjónusta þá sést að ráðstöfun fjármuna fyrstu 6 mánuði ársins er nálægt áætlun. Staða stærstu deilda sveitarfélagsins þ.e leik- og grunnskóla er góð með tilliti til áætlunar. Varðandi skipulags- og byggingarmál þá á eftir að rukka útlagðan kostnað svo sem vegna skipulagsmála og byggingaleyfisgjalda. Ástæðan fyrir því að atvinnumál eru eins há og raun ber vitni er vegna fyrir fram greiddra rekstrarstyrkja til samstarfsverkefna varðandi Flóaáveituna. Búið er að færa viðauka I inn í áætlun ársins.

**9. Fundargerðir:**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 285, dags. 15.08.2023
Sveitarstjóri fór yfir í stuttu máli hvað hefði gerst frá síðasta fundi varðandi bókanir sveitarstjórnar vegna samgöngumála og raforkumála.

b) Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 6, dags. 28.08.2023
Varðandi lið 1 í fundargerð um hvatastyrki þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að koma með tillögu að uppfærðum reglum um hvatastyrki á næsta fund sveitarstjórnar þar sem tekið verður tillit til þess að hægt sé að nýta hvatastyrk í keppnisferðir ef ekki er verið að nýta styrkinn á annan hátt.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 59, dags. 09.06.2023, nr. 60, dags. 12.06.2023 og nr. 61, dags, 12.07.2023

d) Samráðshóps vegna hringvegar um Ölfusá dags. 16.08.2023

e) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 7, dags. 16.08.2023

**10. Efni til kynningar**

a) Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – forsendur fjárhagsáætlana 2024-2027

b) Fréttatilkynning frá Listasafni Árnesinga vegna nýrra sýninga

c) Ársfundur Jöfnunarsjóðs 21. september á Hilton Reykjavík Nordica
Fulltrúi Flóahrepps er Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.

d) Ársþing SASS á Hótel Vík 26.-27. október
Aðalmenn með atkvæðisrétt á ársþinginu eru Árni Eiríksson, Walter Fannar Kristjánsson og Elín Höskuldsdóttir. Walter Fannar hefur boðað forföll og mun Sigrún Hrefna Arnardóttir koma inn sem varamaður í hans stað með atkvæðisrétt. Sveitarstjóri sækir þingið sem fulltrúi og öðrum aðalmönnum sveitarstjórnar býðst að sækja þingið sem gestir án atkvæðisréttar. Sveitarstjóri gengur frá skráningu fyrir fulltrúa og gesti vegna þingsins.

e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 3. október.

**11. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Elín Höskuldsdóttir (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

# Fundargerð 144 fundar

Fundartími: 16.30-19 .10
Fundarstaður: Þingborg
Dagsetning: 19 september 2023
Fundarmenn: Bjarni Stefánsson formaður, Hjalti Guðmundsson nefndarmaður,Sævar Örn Sigurvinsson nefndarmaður, Margrét Drífa Guðmundsdóttir nefndarmaður, Sara Guðjónsdóttir skólastjóri Krakkaborg. Íris Grétarsdóttir fulltrúi kennara Flóaskóla, Þórunn Jónasdóttir skólastjóri Flóaskóla, Ragnar Finnur Sigurðsson fulltrúi foreldra Flóaskóla
Forföll: Axel Páll Einarsson, Benedikt Karl Gröndal fulltrúi foreldra Krakkaborgar, Kristrún Jónsdóttir fulltrúi foreldra Krakkaborg.

Bjarni formaður fræðslunefndar setur fundinn og býður alla velkomna.

Ragnar F Sigurðsson
Sævar Örn Sigurvinsson
Sara
Þórunn Jónasdóttir
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Íris Grétarsdóttir
Bjarni Stefánsson 19.9

Krakkaborg

1. Leikstjórastjóri Sara Guðjónsdóttir fór yfir starfsmannamál sem eru mjög góð, nokkrar breytingar á starfsmönnum, 1 starfsmaður í endurmenntun og 1 starfsmaður í kennsluréttindum og Sara er í stjórnendanámi.
2. Kynning á starfsáætlun og ársskýrslu. fræðslunefnd samþykkir starfsáætlun og ársskýrslu.
3. Úti kennsla er hafin og er tilraunir hvernig best sé að nota húsið
4. umræður um fjárhagsþörf fyrir næsta ár
5. önnur mál.

Bjarni Stefánsson

Margrét Drífa Guðmundsdóttir

Sara

6. Starfsáætlun fræðslunefndar lögð fram. Málinu frestað
7. Sameiginleg mál milli skóla. farið yfir nokkur atriði.

Ragnar F. Sigurðsson

[illegible]

[illegible]

Þórunn Jónasd

Margrét Drífa Guðmundsdóttir

[illegible]

Íris Grétarsdóttir

**Flóaskóli**

8. Fréttir úr skólastarfi: mikið að gerast í starfi skólans, ljúf byrjun.
9. Starfsáætlun Flóaskóla lögð fram: breytingar á skipuriti starfsmanna farið yfir með nefndini málið frestað.
10. Starfsmannamál: aðeins hefur fækkað stöðugildum.
11. Skóladagatal: farið yfir og óskað eftir að bætt sé inn á lokunardögum frístundar að ósk skólastjóra. Einnig að 2 febrúar sé skertur dagur
12. Farið yfir kennslu skiptingu milli árganga.
13. Umbótaráætlun er á áætlun.
14. Námsráðgjafi er að koma til starfa í 20% starf.
15. Skólaráð: Aðeins farið yfir og þarf að uppfæra
16. Foreldrafélag: Aðeins farið yfir og þarf að uppfæra
17. Nemendaráð: Aðeins farið yfir og þarf að uppfæra
18. Skólareglur eru í vinnslu. aðeins rætt um símanotkun.
19. Samstarf við framhaldsskóla er í vinnslu.
20. Skólamáltíðir: Reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla verða endurskoðaðar. Þórunn skólastjóri kemur með tillögur á næsta fund.
21. Skólaakstur: Nemendur eru að hámarki 45 mín í skólabíll til skóla. Fræðslunefnd minnir á að huga þarf að viðhalda vega vegna skólaakstur nemenda. skólastjóri tekur samtal við bílstjóra um heimakstur nemenda.

Fundi slitið 19.10

Ragnar F Sigurðsson
Sævar Örn Sigurðsson
Hjarð
Þórunn Jónasdóttir
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Íris Grétarsdóttir
Bjarni Stefánsson

21. September 2023
Fundur Umhverfis- og samgöngunefndar kl.20:00 í Þingborg
Fundarritari: Svanhvít Hermannsdóttir
Mætt: Jakob Nielsen Kristjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Svanhvít Hermannsdóttir og Halla Kjartansdóttir.

1. Boð á ársfund náttúruverndarnefnda Sveitarfélaga. Fundurinn verður 12. október 2023 á Ísafirði.

2. Sorphirðumál frístundahúsa. Nefndin tekur undir afgreiðslu sveitarstjórnar á málinu.

3. Vegmerkingar við Hnaus og Mosató. Bráðnauðsynlegt er og löngu tímabært að fara í að leggja aðreinar að afleggjaranum í
akstursleið til austurs og útskot á akstursleið til vesturs. Ennfremur að farið væri í sömu aðgerðir við önnur fjölfarin vegamót við þjóðveg nr. 1 í Flóahreppi. Ítrekað er að ástand malarvega í Flóahreppi er óásættanlegt. Vandséð er hvort lækkun hámarkshraða á vegstúfum komi til móts við öryggiskröfur sem gerðar eru til umferðarmannvirkja.

5. Hugmyndir um áhersluverkefni fyrir Sorpstöð Suðurlands 2024. Vitnað er í lið 2 frá fundi Umhverfis og samgöngunefndar
frá 18. apríl 2023 um hræsöfnunarbíl.

6. Fjárhagsáætlun 2024. Að séð verði til að hálkuverja þá staði í sveitarfélaginu þar sem myndast hættulegar aðstæður.
Að áliti nefndarinnar er best að nota saltaðan sand.
-Að sjá til þess að vegkantar sem sveitarfélagið sér um snjómokstur á séu slegnir.
-Að tryggt verði fjármagn til að íbúum sveitarfélagsins verði gert kleyft að geta tekið þátt í hreinsunarátaki
sem sveitarfélagið vonandi tekur þátt í á næsta ári.
-Að sjá til þess að Ásavegurinn verði stikaður upp á nýtt. Eins og staðan er núna liggur megnið af stikunum niðri
auk þess sem þær eru brotnar og ónýtar.

7. Samráðsfundur vegna endurskoðunnar á vinnureglum vetrarþjónustu. Vegir með bundnu slitlagi sem ekki eru í vetrarþjónustu
hjá Vegagerðinni eins og er, fái þjónustu eins og vegir sem Vegagerðin þjónustar nú þegar.

Jakob Nielsen Kristjánsson
Helena Hólm
Helgi Sigurðsson
Svanhvít Hermannsd.
Halla Kjartansdóttir

# Fundargerð nr. 3
# Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Stekkjaskóli |
| **Fundardagur:** | Fimmtudagur 7. september 2023 |
| **Fundartími:** | 16:30-18:00 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson, oddviti<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri<br>Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna<br>Örvar Rafn Hlíðdal, formaður stýrihóps um Heilsueflandi samfélag<br>Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra<br>Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna<br>Hugrún Svala Guðjónsdóttir, fulltrúi nemenda<br>Jórunn Fríða Bjarnadóttir, varafulltrúi nemenda<br>Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður fræðslunefndar<br>Anne Brun Hansen frá Eflu<br>**Fjarverandi:**<br>Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar<br>Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi úr sveitarstjórn<br>Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd<br>Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi íþrótta-, æskulýðs- og menningarnefndar |

Fulltrúar vinnuhóps fengu að skoða Stekkjaskóla sem tekinn var í notkun í haust. Deildarstjórar og skólastjóri hittu hópinn og fóru yfir hin ýmsu atriði í undirbúningi framkvæmdar, hugmyndafræði á bakvið hönnun og fleira sem snýr að byggingunni.

Næsti fundur vinnuhóps verður eftir viku þar sem farið verður yfir heimsóknina og næstu skref í vinnunni vegna Flóaskóla.

Hulda sendir fundarboð á vinnuhóp.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

# Fundargerð nr. 4
# Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Flóaskóli |
| **Fundardagur:** | Fimmtudagur 14. september 2023 |
| **Fundartími:** | 16:30-18:00 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson, oddviti<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri<br>Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar<br>Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna<br>Örvar Rafn Hlíðdal, formaður stýrihóps um Heilsueflandi samfélag<br>Benóný Ágústsson, fulltrúi nemenda<br>Hugrún Svala Guðjónsdóttir, fulltrúi nemenda<br>Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður fræðslunefndar (mætti aukalega)<br>Jórunn Fríða Bjarnadóttir, varafulltrúi nemenda (mætti aukalega)<br>Anne Brun Hansen frá Eflu<br>**Fjarverandi:**<br>Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi úr sveitarstjórn<br>Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd<br>Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra<br>Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna<br>Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi íþrótta-, æskulýðs- og menningarnefndar |

Anne greindi frá grófum kostnaðartölum vegna byggingar í nýlegum skóla sem tekinn var í gagnið í haust. Þeirri byggingu er skipt upp í áfanga og gróft kostnaðarmat sýnir að fermetraverð í 1. áfanga sem búið er að taka í gagnið var um 560 þúsund kr. Inni í þeirri tölu er þá hönnun, þarfagreininga, jarðvinna, útboð og byggingin sjálf en ólíklegt að húsbúnaður sé inni í þeirri tölu. Reiknað er með að 2. áfangi verði nokkuð dýrari.

Anne fór yfir heimsóknina í Stekkjarskóla og sýndi myndir af ýmsum rýmum í skólanum. Umræður um hvað þótti áhugavert og mest heillandi og hvað myndi henta okkar skólagerð. Hópurinn nefndi sem dæmi góða hljóðvist í öllu húsnæðinu, rúma ganga, opið miðrými, gott rými ritara og stjórnenda, gert ráð fyrir geymslurými, rúmgóðar verkgreinastofur og útikennslu aðstöðu útfrá verkgreinastofum.

Farið yfir hugmyndir sem voru unnar á fundi vinnuhóps þann 9. maí síðastliðinn. Rætt um möguleikann á því að byggja við Flóaskóla í áföngum og að fyrsti áfangi væri þá mögulega viðbygging utan um stoðrými eins og skrifstofurými og vinnuaðstöðu starfsmanna og mögulega annað anddyri með opnu rými. Annar áfangi væri þá breyting á hluta af verkgreinastofum og möguleikinn á íþróttahúsi skoðaður samhliða og mögulega sem sami áfangi.

- Anne skoðar og reiknar út fyrir næsta fund hverju munar ef starfsmannaaðstaða, ritari og skrifstofur stjórnenda væru teknar út úr núverandi húsi þ.e hvernig þeir fermetrar gætu nýst undir kennslustofur og nemendarými.
- Anne setur upp tillögur útfrá ofangreindu og kemur með á næsta fund.
- Þórunn tekur samtal við list- og verkgreinakennarana um þeirra þarfir og kemur með helstu niðurstöður inn á næsta fund vinnuhóps.
- Anne kemur í framhaldinu inn á fund með starfsfólki Flóaskóla.
- Hulda boðar næsta fund og horft er á 25. eða 26. september kl 16:00

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

# Fundargerð nr. 5
# Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Flóaskóli |
| **Fundardagur:** | Þriðjudagur 26. september 2023 |
| **Fundartími:** | 16:00-17:30 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson, oddviti<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri<br>Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd<br>Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar<br>Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi úr sveitarstjórn<br>Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna<br>Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra<br>Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna<br>Benóný Ágústsson, fulltrúi nemenda<br>Jórunn Fríða Bjarnadóttir, varafulltrúi nemenda<br>Anne Brun Hansen frá Eflu<br>**Fjarverandi:**<br>Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi íþrótta-, æskulýðs- og menningarnefndar<br>Örvar Rafn Hlíðdal, formaður stýrihóps um Heilsueflandi samfélag |

Anne fór yfir stöðu húsnæðisins eins og það er í dag. Kennslurýmin skoðuð og einnig skoðað hvernig staðan væri ef allt annað en kennslurými væri tekið út úr núverandi húsnæði.
Horft á 3,7-3,8 fermetra á nemanda í kennslurýmum. Reglugerð kveður á um aðeins færri fermetra á nemanda.
Miðað við þessa greiningu á kennslurýmum þá er pláss fyrir 146 nemendur á neðri hæð skólans og 87 til viðbótar þegar við tökum aðra hæð með eða 233 nemendur í kennslurýmum á sama tíma.
Rætt um hversu stórt rými þarf fyrir stjórnun svo sem skrifstofur, aðstöðu ritara, fundarherbergi, vinnuaðstöðu kennara og kaffistofu starfsmanna. Í nágrannasveitarfélagi er verið að setja 280 fermetra undir slíkt rými en vinnuhópurinn er sammála um að það þurfi ekki að vera svo stórt í Flóaskóla.

**Anne fór yfir tillögu að uppbygginu í áföngum:**
Í **áfanga I** væri byggt við um 400 fermetra rými á einni eða tveimur hæðum sem myndi rúma stjórnun og aðstöðu starfsmanna og fjölnota rými þar sem væri opið rými, mögulega opið bókasafn og nýtt anddyri nemenda.
Með slíkri viðbyggingu væru stærð skólans eftirfarandi:

- Núverand húsnæði 880 fermetrar
- Kennslurými 560 m2
- Sérgreinar 320 m2
- Viðbygging í áfanga I 400 m2 Stjórnun/fjölnotarými
- Skólabygging samtals rúmlega 2000 m2

Vinnuhópurinn ræddi um kosti þess ef hægt væri að hafa viðbyggingu á tveimur hæðum til að tengja efri hæð á viðbyggingu 3 við það rými.
Rætt um hvort viðbygging í áfanga I gæti verið framlenging við viðbyggingu 3 og með sama útliti og sú bygging og þannig væri millitengingu á milli húsa sleppt. Rætt um kosti og galla á stakstæðu húsi með tengingu eða framlengingu á núverandi húsi.
Skólastjóri talaði um að möguleika á að breyta nýtingu á núverandi stofum t.d raungreinastofu sem gæti verið á efri hæð og verið samnýtt með öðrum námsgreinum þar sem það er lítil nýting á þeirri stofu. Fór yfir hugmyndir sem snúa að því að færa veggi í verkgreinastofunum á neðri hæð til að stækka rýmin svo sem í smíðastofu og heimilisfræðistofu. Vel tekið í þessar hugmyndir en skoða þarf vel lagnir og fleira við svona tilfærslur og hvort um sé að ræða burðarveggi eða ekki.
Ef miðað er við að hver fermetar í svona byggingu kostar um 600.000 kr þá er kostnaður við svona viðbyggingu gróflega reiknaður um 240 milljónir.
Nokkuð rætt um möguleikann á því að útbúa útikennslusvæði við smíðastofu og heimilisfræðistofu þar sem byggðir væru pallar og skjólveggir og aðgengi út úr stofunum beint á útikennslusvæðið sambærilegt og er í Stekkjaskóla.

**Tillaga að áfanga II** væri viðbygging þar sem elsti hlutinn var áður, sá sem var rifinn sumarið 2022. Byggingareiturinn er mjög stór og býður upp á ýmiskonar viðbygginu á þessum hluta lóðarinnar. Í þessu húsi væri möguleiki á að vera með sérgreinastofur á einni hæð.
Slík viðbygging gæti verið einföld bygging og væri til að bregðast við ef um væri að ræða hraða fjölgun á íbúum og þar með fjölgun nemenda.
Rætt var um að mögulega væri hægt að breyta áfanga II í byggingu íþróttahúss sem myndi að auki hýsa verkgreinaaðstöðu ef staða sveitarfélagsins leyfir slíka fjárfestingu þegar að því kemur.

**Næstu skref eru eftirfarandi:**

- Anne mun hitta starfsmenn skólans 10. október í Flóaskóla og fara yfir þau gögn sem liggja fyrir til að greina betur núverandi rými og skiptingu og fá hugmyndir starfsmanna.
- Í kjölfar fundar Anne og starfsmenna kemur vinnuhópur saman á lokafund og mótar tillögu sem verður send á sveitarstjórn. Í tillögunni komi fram áfangaskipt og tímasett framkvæmdaáætlun og gróft kostnaðarmat sem byggir á þeirri þarfagreiningu sem farið hefur fram.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

## Hulda Kristjánsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps <oddviti@gogg.is> |
| **Sent:** | þriðjudagur, 19. september 2023 08:19 |
| **To:** | Haraldur Þór Jónsson; jonbjarna@fludir.is; Árni Eiríksson; Oddviti Bláskógabyggðar; Nanna Jónsdóttir |
| **Cc:** | Aldís Hafsteinsdóttir; valtyr@asahreppur.is; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Hulda Kristjánsdóttir; Ásta Stefánsdóttir; valtyr@asahreppur.is |
| **Subject:** | Fundargerð 11. fundar seyrustjórnar og fylgigögn |
| **Attachments:** | Fundargerð 11. fundar seyrustjórnar 13.09.2023.pdf; Mál nr. 1 Greinargerð Seyrustaðir 14. júlí 2023 endanlegt.pdf; Mál nr. 1 Seyrustaðir- kynning GB.pptx; Minnisblað vsk endurgreiðsla.docx |

Sæl verið þið,

Hér kemur fundargerð 11. fundar seyrustjórnar.
Vinsamlega skoðið sérstaklega lið 3 en hér í viðhengi eru fylgigögn með þeim lið.
Í viðhengi er jafnframt minnisblað frá Guðjóni Bragasyni sem hann vann í kjölfar fundarins og hefur ekki verið lagt fram á fundi seyrustjórnar en leyfi því að fylgja hér með.

*Hef sveitarstjóra sveitarfélaganna hér í cc til að koma fundargerðinni inn á næsta fund sveitarstjórnanna.*

***Bestu kveðjur***

***Ása Valdís Árnadóttir***
Oddviti
Sími: 480-5500
Netfang: oddviti@gogg.is
Veffang: www.gogg.is
Borg 805 Selfoss
Skilmálar/Disclaimer

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

HRUNAMANNAHREPPUR GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR FLÓAHREPPUR BLÁSKÓGABYGGÐ ÁSAHREPPUR

# Seyrustjórn

13. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, miðvikudaginn 13. september 2023 kl. 12:30.

Fundinn sátu:
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Helgi Kjartansson, odddviti Bláskógarbyggðar
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

1. **Staða hreinsunar.**
*Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi seyruverkefnisins, fer yfir stöðuna á hreinsuninni. Þann 12. september var búið að hreinsa 1.218 rotþrær, ekki var hægt að hreinsa 142 rotþrær svo samtals er búið að fara í 1.360 rotþrær. Áætlaður fjöldi ársins eru 2.400 rotþrær sem þýðir að eftir að að fara í um 900 rotþrær. Í dag er verið að ná að hreinsa um það bil 30-45 þrær daglega svo gera má ráð fyrir allt að 35 vinnudögum sem þarf til að klára hreinsun ársins.*

2. **Landgræðslugirðing.**
*Drög að samningi um landgræðslusvæði á Hrunamannaafrétti/Tungufelli lagður fram til kynningar og stjórn gerir ekki athugasemdir við samninginn. Stjórn samþykkir að gerð verði drög að samstarfssamningi um landgræðslugirðinguna á milli Seyruverkefnisins og Hrunamannahrepps um kostnaðarþáttöku verkefnisins í samræmi við bókun á 10. fundi stjórnar seyruverkefnisin.*

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi, yfirgefur fundinn.

Guðjón Bragason, lögfræðingur, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

3. **Rekstrarform.**
*Guðjón fer yfir þau atriði sem snúa að hvaða möguleikar liggi fyrir í rekstrarformi til framtíðar samkvæmt niðurstöðum greinagerðar dagsetta 14. júlí 2023 og unnin af honum. Umræður um mismunandi rekstrarform og kosti og galla þess samkvæmt greinagerðinni. Fulltrúum falið að kynna greinagerðina í sveitastjórnum sínum og taka til umræðu. Stjórn telur að valið standi á milli þess að færa verkefnið inn í UTU bs., stofna nýtt byggðasamlag eða stofna ehf.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:50.



SEYRUSTAÐIR 31. ÁGÚST 2023

Kynning á greinargerð um félagsform, dags. 14. júlí 2023
Guðjón Bragason hdl.

## Skref fyrir skref




## MARKMIÐ GREINARGERÐAR

Í þessu minnisblaði er einkum leitast við að svara nánar tilteknum atriðum sem verið hafa til umræðu. Rekstrarform ræðst af eftirfarandi sjónarmiðum:

1. Að stjórnsýsla og utanumhald verkefnisins verði skilvirk og hagkvæm.
2. Að fjárhagsleg ábyrgð á verkefninu verði skýr og að áhætta eigenda verði lágmörkuð.
3. 3. Að lágmarka hættu á að upp komi lögfræðileg álitaefni varðandi lögmæti starfseminnar, eða ákvarðana sem þar eru teknar, sem geti leitt til aukins kostnaðar eða torveldað framkvæmd verkefnisins.

## LYKILSPURNINGAR/FORSENDUR GRG.

**1. Er valdframsal í starfseminni?**

*Líklega ekki – starfsmenn taka ekki stjórnsýsluákvarðanir*

Þjónustufulltrúi sem ráðinn er af samstarfsverkefninu annast samskipti við þjónustuþega. Eftir því sem best verður séð felast engar stjórnsýsluákvarðanir í þeim samskiptum heldur verður þjónustufulltrúi að vísa ákvörðunum t.d. um endurskoðun eða breytingar á gjaldtöku til viðkomandi sveitarfélags.

Helst kann að vera álitamál hvort hvort hið sama á við um ákvörðun um að samþykkja eða synja beiðni um þjónustu, s.s. um tæmingu eða aukalosun rotþróa

## LYKILSPURNINGAR (2)

**2) Er starfsemin eða gæti verið á samkeppnismarkaði?**

Þetta á augljóslega við um rekstur tankbíls sem samstarfsverkefnið á og rekur en hluti þeirrar þjónustu er einnig veittur með þjónustusamningi við fyrirtæki á samkeppnismarkaði. **Ekki ráðlegt að útvíkka þann þátt starfseminnar út frá samkeppnissjónarmiðum.**

Einnig er í lagaumhverfinu ekkert beinlínis því til fyrirstöðu að einkaaðili stofni og reki fyrirtæki til meðhöndlunar seyru, enda fái hann til þess starfsleyfi. Engir einkaaðilar reka þó slíka starfsemi í dag.

**Margvísleg rök eru samt sem áður til þess að flokka þessa starfsemi sem almannaþjónustu,** út frá því lagaumhverfi sem rakið er í minnisblaði LEX. En þetta er **ekki skylduverkefni** sveitarfélaga.

## LYKILSPURNINGAR (3)

**3) Hver er framtíðarsýn sveitarfélaga fyrir starfsemina?**

- Frekar líklegt að skyldur sveitarfélaga muni aukast, a.m.k. til að nýta áburðarefni
- Eigendum gæti hæglega fjölgað, líklega ætti þó að takmarka eignarhald við opinbera aðila, einkum sveitarfélög.
- Ekki markmið að hagnaður verði af félaginu. Skattaleg álitaefni hafa af þeirri ástæðu ekki endilega mikið vægi við val á félagsformi.

## VALKOSTIR UM FÉLAGSFORM

Vísa til töflu á bls. 4 – unnin af KPMG – munur á bs. og ehf.

Vakin athygli á möguleika sem kemur fram á bls. 7, að stofna ekki nýtt félag heldur nýta UTU bs. – færa starfsemina þar undir.

Kostir og gallar við bæði bs. hlutafélagsform. Niðurstaða ekki mjög afgerandi um hvort hentar betur út frá sjónarmiðum um einfalda og hagkvæma stjórnsýslu, starfsmannahald, skattaleg álitaefni, o.s.frv.

Sjá bls. 5-6 um vangaveltur um hvort henti betur.

## SJÁ Á BLS. 5 UM BYGGÐASAMLÖG

Lausnir eru til á flestum þessara vandamála.

T.a.m. er vel þekkt að atkvæðavægi innan byggðasamlags ráðist af íbúafjölda hvers sveitarfélags frekar en að öll sveitarfélögin hafi sama atkvæðavægi.

Í farvatninu eru jafnframt tillögur um breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að auka gagnsæi varðandi samvinnuverkefni sveitarfélaga.

Einn af helstu kostum byggðasamlaga er að rekstur þeirra er einfaldur auk þess sem reglur og rekstrarumhverfi þeirra er í meginatriðum hið sama og hjá sveitarfélögunum

## SJÁ BLS. 5-6 UM HLUTAFÉLÖG

Takmörkuð ábyrgð getur verið kostur

Breytingar á eigendahópnum einfaldari en bs.

Ábyrgðaveiting v. lántöku heimil v. lögákveðinna verkefna og lánskjör líklega þau sömu

Skattaleg álitaefni eru til staðar og ekki að öllu leyti svarað (bls. 6-7)

- Ekki hægt að fullyrða að undanþáguákvæði í 8.tl. 4. gr. TSKL eigi við varðandi undanþágu frá tekjuskatti af hafnaði
- Vægi þessa atriðis ekki endilega mikið í starfsemi Seyrustaða og líklegri framtíðarsýn, sem ekki er hagnaðardrifin?

## ÖNNUR ÁLITAEFNI

Aðeins rætt um arðtöku á bls. 7 – hefur sennilega ekki mikið vægi í starfseminni og hvatt til varfærni.

Á bls. 7 er einnig rætt um yfirfærslu eigna til nýs félags. Eðlilegt að taka umræðu um hvort félagið eignist mannvirki og tæki án endurgjalds eða hvort kaupverð sé ákveðið og félagið taki lán til að mæta þeirri skuldbindingu.

Framangreint myndi kalla á gjaldskrárhækkun en væri leið til að eigendur endurheimti stofnfé. Útfærslu þyrfti að ræða við endurskoðanda í tengslum við stofnun félagsins.

## NÆSTU SKREF – SJÁ BLS. 7-8

1. Tillaga stjórnar um félagsform – send til sveitarstjórna

Vakin sérstök athygli á tillögu KPMG um að nýta UTU bs. frekar en að stofna nýtt félag.

2. KPMG tilbúið að annast skjalagerð, svo sem tillögu um stofnsamþykkt og samþykktir.

3. Vek athygli á ábendingu í 4. lið um mögulegar „girðingar" í samþykktum varðandi aðkomu nýrra eigenda, forkaupsrétt o.fl.

# Minnisblað

*Vegna Seyrustaða í tilefni spurninga á fjarfundi 13.9 2023*

Við kynningu á fundi stjórnar Seyrustaða 13. september sl. varð nokkur umræða um hvort reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts gætu verið mismunandi eftir því hvaða rekstrarform er valið. Undirritaður var ekki undirbúinn fyrir þessa umræðu og óskaði eftir að fá að senda stjórninni skriflegt svar.

## Réttur til endurgreiðslu VSK

Um endurgreiðslu VSK til ríkisins, sveitarfélaga og stofnana þeirra fer skv. 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt. Markmið ákvæðisins má segja að sé fyrst og fremst að hvetja opinbera aðila til að útvista tiltekinni þjónustu og auka þannig samkeppni. Flokkar þjónustu eru tæmandi taldir í greininni en það er einkum 1. tl. ákvæðisins sem hér kemur til skoðunar:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.

Væntanlega fellur söfnun á seyru undir þennan tölulið þar sem hún er lífrænn úrgangur. Tilefni er til að vísa til reglugerðar um meðhöndlun úrgangs en um seyru er m.a. fjallað í 4. og 11. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Sambærileg ákvæði voru einnig í eldri reglugerð um sama efni, nr. 55/2003.

## Falla hlutafélög undir undanþáguákvæði laganna?

Hvað varðar spurninguna um rekstrarform er rétt að horfa til reglugerðar nr. 248/1990 um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Í 2. gr. hennar segir:

> Opinber þjónustufyrirtæki, sem hafa það að meginmarkmiði að selja skattskyldar vörur eða þjónustu til annarra, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni, þ.m.t. úttekt til eigin nota eiganda og afhending til annarra opinberra aðila. Þau skulu innheimta virðisaukaskatt af heildarveltu sinni og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti af aðföngum.
>
> Með þjónustufyrirtækjum í þessari grein er átt við fyrirtæki, sem rekin eru af sveitarfélögum eða í sameign þeirra, svo sem hitaveitur og rafveitur, svo og ríkisfyrirtæki og fyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga. Starfsemi vatnsveitna og hafnarsjóða telst ekki til skattskyldrar starfsemi í þessu sambandi nema að því leyti sem um er að ræða sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir jafnframt:

> Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Við innheimtu á útskatti skal skattverð miðað við almennt gangverð í sams konar viðskiptum og við skil á skatti í ríkissjóð skal innskattur af aðföngum dreginn frá útskatti samkvæmt almennum reglum.

Samantekin niðurstaða er því að í gildandi lagaumhverfi er ekki ástæða til að ætla að munur sé til staðar eftir félagsformum varðandi skattskyldu eða rétt til endurgreiðslu VSK heldur ráðist það af eðli starfseminnar. Hafi einhver vafi leikið á því fram til þessa hvort söfnun og meðhöndlun seyru falli undir fyrrgreint undanþáguákvæði laganna ætti reglugerð 803/2023 í öllu falli að skjóta styrkari stoðum undir þá túlkun.

Telji stjórn Seyrustaða vera þörf á nánari yfirferð hvað þessi atriði varðar gæti þó verið ástæða til að leita ráðgjafar skattalögfræðinga KPMG.

15. september 2023

Guðjón Bragason hdl.

# Greinargerð

Varðar framtíðarfyrirkomulag á rekstri Seyrustaða,
samstarfsverkefnis Uppsveita, Flóahrepps og Ásahrepps
um sameiginlegan seyrurekstur.

*Unnið af Guðjóni Bragasyni hdl. að beiðni Hrunamannahrepps f.h. samstarfsverkefnisins um Seyrustaði. Byggt á minnisblaði sem rætt var í stjórn samstarfsvettvangsins 12. júní 2023 en með frekari ábendingum og töflu frá KPMG.*

## Samantekt

Fyrir liggur í málinu ítarlegt minnisblað LEX lögmannsstofu, dags. 10. febrúar 2023 um sama efni. Leitast hefur verið við að lágmarka endurtekningu á atriðum sem fram koma í því minnisblaði, sem að áliti undirritaðs er ágæt samantekt um helstu atriði sem huga þarf að við val á rekstrarformi fyrir samvinnuverkefni sveitarfélaga.

Niðurstaða um val á rekstrarformi hlýtur á endanum að ráðast af vilja aðildarsveitarfélaganna, þar sem litið er til eðlis og umfangs verkefnisins og líklegrar þróunar þess á næstu árum.

Undirritaður gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu í minnisblaði LEX að byggðasamlagsformið sé nærtækasti kosturinn við ákvörðun á samstarfsformi sveitarfélaga. Undir þá niðurstöðu er tekið af KPMG varðandi skattalegar hliðar málsins og bent á möguleika á að færa reksturinn til byggðasamlags sem sveitarfélögin eiga nú þegar samstarf um, þ.e. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU bs.). Um samanburð á mismunandi rekstrarformum vísast til fylgiskjals sem er samantekt frá KPMG.

Ekki virðist þó vera um að ræða valdframsal sveitarstjórna til samstarfsverkefnisins sem takmarki val sveitarstjórna um samstarfsform. Önnur rekstrarform, svo sem einkahlutafélag, koma því einnig til álita og geta haft ákveðna kosti, m.a. aukinn sveigjanleika þegar kemur að breytingum á eigendahópi verkefnisins.

Starfsemi Seyrustaða er tvíþætt í dag, þ.e. meðhöndlun seyru og söfnun hennar. Væntanlega má líta svo á að kjarnastarfsemin felist í meðhöndlun seyru og að þar liggi mestir möguleikar til að þróa starfsemina frekar. Meira álitaefni kann að vera hvort félagið muni til framtíðar einnig annast söfnun seyru, sem er að einhverju leyti áhættumeiri og mætti mögulega semja við einkaaðila um að annast þann þátt rekstrarins. Áður en slík ákvörðun er tekin ætti þó að huga að því að virk samkeppni sé til staðar, þannig að breytingar á rekstrinum skerði ekki samkeppni.

Tilefni kann að vera til að aðildarsveitarfélögin samræmi forsendur gjaldtöku varðandi fjárfestingarkostnað. Einnig er eðlilegt að sveitarfélögin fylgist með framþróun á fyrirkomulagi gjaldtöku.

## 1. Um verkefnið

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur hafa um nokkurra ára skeið staðið saman að uppbyggingu og rekstri tækja og svæðis vegna hreinsunar og verkunar seyru með aðstöðu að Flatholti 2, Flúðum í Hrunamannahreppi. Þjónustufulltrúi er eini fasti starfsmaður verkefnisins á ársgrundvelli.

Samkvæmt gildandi samstarfssamningi frá 13. desember 2021 sér Hrunamannahreppur um framkvæmd og umsjón verkefnisins og er tilgreint sem umsjónarsveitarfélag þess, sbr. 2. gr. samningsins. Í því felst m.a. að halda utan um fjárfestingu, rekstur og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna og miðla þeim með reglubundnum hætti til þeirra. Samkvæmt 3. gr. samningsins skipar hvert sveitarfélag um sig einn fulltrúa og annan til vara í stjórn verkefnisins, sem nefnd er „seyrustjórnin", og ber hún ábyrgð á rekstri verkefnisins. Um verksvið stjórnar vísast til samningsins. Seyrustjórn er óheimilt að binda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er í samstarfssamningnum, sbr. 5. mgr. 3. gr. samningsins. Verkefni Hrunamannahrepps, sem umsjónarsveitarfélags, eru síðan nánar tilgreind í 5. og 6. gr. samstarfssamningsins.

Fyrir liggur að samstarfið hefur gengið vel og að í verkefninu felst nýsköpun varðandi nýtingu áburðarefna úr seyru til landgræðslu. Verkefnið fellur afar vel að markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og stuðlar að innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Vilji allra samstarfsaðila er að verkefnið haldi áfram og að rekstur þessi verði fjárhagslega sjálfbær.

Í þessu minnisblaði er einkum leitast við að svara nánar tilteknum atriðum sem verið hafa til umræðu við frekari vinnslu málsins. Er þá einkum horft til þess að sú lausn sem verði fyrir valinu taki tillit til eftirfarandi sjónarmiða:

1. *Að stjórnsýsla og utanumhald verkefnisins verði skilvirk og hagkvæm.*
2. *Að fjárhagsleg ábyrgð á verkefninu verði skýr og að áhætta eigenda verði lágmörkuð.*
3. *Að lágmarka hættu á að upp komi lögfræðileg álitaefni varðandi lögmæti starfseminnar, eða ákvarðana sem þar eru teknar, sem geti leitt til aukins kostnaðar eða torveldað framkvæmd verkefnisins.*

Eins og rakið er ágætlega í minnisblaði LEX lögmannsstofu eru valkostir sveitarstjórna varðandi form samvinnu takmarkaðir ef um er að ræða valdframsal frá sveitarstjórnum til stjórnar samvinnuverkefnis. Annaðhvort ber þá að stofna byggðasamlag eða semja við leiðandi sveitarfélag um að annast starfsemina.

Skilningur undirritaðs á verkefninu um Seyrustaði er sá að ekki sé um eiginlegt valdframsal að ræða frá sveitarstjórnum til samvinnuverkefnisins. Þannig annast sveitarfélögin sjálf útgáfu stjórnvaldsfyrirmæla, í formi samþykkta um fráveitumál og gjaldskrár fyrir söfnun og meðhöndlun seyru. Þjónustufulltrúi sem ráðinn er af samstarfsverkefninu annast hins vegar samskipti við þjónustuþega. Eftir því sem best verður séð felast engar stjórnsýsluákvarðanir í þeim samskiptum heldur verður þjónustufulltrúi að vísa ákvörðunum t.d. um endurskoðun eða breytingar á gjaldtöku til viðkomandi sveitarfélags. Helst kann að vera álitamál hvort hvort hið

sama á við um ákvörðun um að samþykkja eða synja beiðni um þjónustu, s.s. um tæmingu eða aukalosun rotþróa.[1]

Skilningur undirritaðs er einnig sá að sú starfsemi sem fram fer innan samstarfsverkefnisins gæti verið á samkeppnismarkaði. Þetta á augljóslega við um rekstur tankbíls sem samstarfsverkefnið á og rekur en hluti þeirrar þjónustu er einnig veittur með þjónustusamningi við fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Einnig er í lagaumhverfinu ekkert beinlínis því til fyrirstöðu að einkaaðili stofni og reki fyrirtæki til meðhöndlunar seyru, enda fái hann til þess starfsleyfi. Engir einkaaðilar reka þó slíka starfsemi í dag. Margvísleg rök eru samt sem áður til þess að flokka þessa starfsemi sem almannaþjónustu, út frá því lagaumhverfi sem rakið er í minnisblaði LEX.

Í minnisblaði LEX eru rakin ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs sem kveða almennt á um skyldur sveitarfélaga í úrgangs- og fráveitumálum, auk laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Þrátt fyrir umrædd lagaákvæði er ekki beinlínis kveðið á um það í lögum að sveitarfélög skuli reka meðhöndlunarstöð fyrir seyru. Skýrt er hins vegar að sveitarfélögum ber að tryggja að rotþræR séu tæmdar og að seyru sé komið í viðeigandi meðhöndlun.[2] Jafnframt liggja fyrir hugmyndir um að setja frekari skyldur á sveitarfélög um að tryggja nýtingu áburðarefna úr fráveitum.

Þar sem starfsemin gæti fallið undir gildissvið samkeppnislaga eru ákveðin atriði sem mikilvægt er að gæta að í starfseminni. Þar má t.d. nefna að þegar horft er til reynslu af vettvangi úrgangsmála. Þannig ættu eigendur að fara mjög varlega í að setja mismunandi gjaldskrárákvæði fyrir söfnun eða meðhöndlun seyru sem kemur frá sveitarfélögum en gildir almennt fyrir viðskiptavini samstarfsverkefnisins.[3] Einnig myndi orka tvímælis að útvíkka þann þátt starfseminnar sem varðar söfnun seyru þannig að einkaaðilum sem veita þá þjónustu í dag í viðkomandi sveitarfélögum verði ýtt út af markaði. Þar sem fákeppni er á markaði fyrir söfnun seyru gæti ákvörðun um að félagið hætti að annast söfnun seyru þó einnig haft neikvæð áhrif á samkeppni.

---

[1] Hér er tilefni til að vísa til 14. liðar í minnisblaði LEX: Rétt er að taka fram að almennt telst veiting þjónustu ekki fela í sér stjórnvaldsákvörðun, jafnvel þó svo um lögboðna þjónustu sé að ræða. Samkvæmt því myndi hreinsun seyru ekki teljast stjórnvaldsákvörðun og því ætti sveitarfélag að geta falið öðrum aðilum að sinna þeirri þjónustu. Hins vegar getur ákvörðun um hvort tiltekinn einstaklingur eða lögaðili njóti þjónustunnar verið stjórnvaldsákvörðun. Þegar vafi leikur á hvort að flokka beri ákvörðun sem stjórnvaldsákvörðun eða þjónustustarfsemi verður að líta til þess hvort ákvörðunin líti fyrst og fremst að útfærslu og framkvæmd þjónustunnar eða hvort ákvörðunin er fremur lagalegs eðlis og snertir réttarstöðu notanda þjónustunnar. Í vafatilvikum verður að líta til þess hversu veigamikil réttindi ákvörðun snertir.

[2] Sjá 12. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999:
12.1Óheimilt er að losa seyru í yfirborðsvatn.
12.2 Seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps skal nýta ef kostur er.
12.3 Seyru skal fargað á þann hátt að umhverfið verði ekki fyrir skaða af völdum hennar og í samræmi við reglugerð um seyru. Förgun seyru frá skólphreinsistöðvum er starfsleyfisskyld og háð skráningu í samræmi við reglur þar að lútandi.

[3] Sjá dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. janúar 2015 í máli nr. E-3598/2013, Sorpa bs. gegn Samkeppniseftirlitinu.

Tafla- Samanburður á byggðasamlagi og einkahlutafélagi (Höf. KPMG)

| | Byggðasamlag | Einkahlutafélag |
|---|---|---|
| Ábyrgð | Sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þau eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. | Sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram það sem þau leggja fram í stofnhlutafé. |
| Fjölgun eigenda | Hægt er að fjölga aðildarsveitarfélögum á einfaldan hátt. | Hægt að fjölga hluthöfum á einfaldan hátt með því að hækka hlutafé eða selja hlut til nýrra hluthafa. |
| Fækkun eigenda | Ef sveitarfélag vill ganga úr félaginu þarf að fara fram uppgjör við það sveitarfélag og innlausn á nettó eignarhlut þess. Ef félagið er með neikvæða fjárhagsstöðu þarf sveitarfélagið er gengur úr félaginu að greiða sinn hlut af tapinu. | Hægt er að fækka hluthöfum með því að selja hlut til annarra eigenda eða nýrra, auk þess sem hægt er að lækka hlutafé t.d. til að greiða einum hluthafa sína hlutdeild í félaginu. |
| Tegund hluthafa/eigenda | Ekki hægt að taka inn aðra eigendur en sveitarfélög. | Mögulegt að taka inn hluthafa sem ekki eru sveitarfélög. |
| Sala á félaginu/rekstri | Ekki hægt að selja félagið nema breyta rekstrarformi eða selja reksturinn út úr félaginu. | Einfalt að selja félagið, hvort sem er í heild eða að hluta. |
| Skattskylda | Almennt eru byggðarsamlög ekki skattskyld af hagnaði sínum, þá á þeirri forsendu að þau séu að sinna lög- og skyldubundinni starfsemi. *Hér þarf að hafa í huga að stefnt er að því að félagið sé rekið án hagnaðar og því ætti almennt ekki að koma til skattskyldu.* | Almennt séð eru einkahlutafélög skattskyld og nokkrum erfiðleikum bundið að fá undanþágu frá tekjuskattsskyldu. *Hér þarf að hafa í huga að stefnt er að því að félagið sé rekið án hagnaðar og því ætti almennt ekki að koma til skattskyldu.* |
| Starfsmenn | Ef sveitarfélög útvega félaginu starfsmenn með þjónustusamningi ber sveitarfélaginu að leggja virðisaukaskatt á þá þjónustu.<br><br>Ef starfsmenn vinna hluta árs hjá byggðasamlaginu og hluta árs hjá aðildarsveitarfélagi þá þarf að skoða hvaða áhrif það hefur á réttindi starfsmanna. | Ef sveitarfélög útvega félaginu starfsmenn með þjónustusamningi ber sveitarfélaginu að leggja virðisaukaskatt á þá þjónustu.<br><br>Ef starfsmenn vinna hluta árs hjá byggðasamlaginu og hluta árs hjá aðildarsveitarfélagi þá þarf að skoða hvaða áhrif það hefur á réttindi starfsmanna. |
| Stofnfé | Ekki þarf að leggja fram neitt stofnfé þegar byggðasamlag er stofnað. | Lágmarks hlutafé er 500.000 kr. |
| Yfirfærsla reksturs frá núverandi fyrirkomulagi | Hægt er að færa núverandi eignir yfir í bs. annað hvort sem stofnfé eða selja félaginu þá rekstrarfjármuni sem færa á yfir. | Hægt er að færa núverandi eignir yfir í ehf. annað hvort sem stofnfé eða selja félaginu þá rekstrarfjármuni sem færa á yfir. Ef selja á félaginu eignirnar þarf þó ávallt að leggja fram lágmarks stofnhlutafé sem er 500.000 kr. |

## 2. Skilvirk og hagkvæm stjórnsýsla

### 2.1 Byggðasamlag

Eðlilegt má telja að við greiningu á rekstrarformi sé í upphafi skoðað helsta rekstrarform á samvinnu sveitarfélaga sem kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum, þ.e. byggðasamlag. Þetta rekstrarform hefur bæði kosti og galla sem með nokkurri einföldun má draga saman í eftirfarandi þætti:

- Gjarnan er nefnt að einn af helstu göllum byggðasamlaga sá að litlar kröfur séu gerðar til stjórnar slíkra stofnana auk þess sem hlutverk stjórnar, stjórnenda og eigenda séu illa skilgreind í lögum sem getur skapað ýmiss konar vandamál. Þurfi því að skerpa vel á hlutverki eigenda, sem og stjórnar, í samþykktum byggðasamlaganna svo ljóst sé hvenær stjórn þurfi að kalla eftir formlegu umboði til ákvarðanatöku.
- Ákvarðanataka varðandi byggðasamlög þykir stundum vera þung í vöfum og vissulega geta önnur félagsform verið lipurri þegar kemur að ákvörðunum. Einnig er oft nefnt að lýðræðishalli sé á ákvarðanatöku, sem birtist annars vegar í því að fulltrúar minnihluta hafa sjaldan beina aðkomu að ákvörðunum og hins vegar í því að fjölmennustu aðildarsveitarfélög hafi oft minni áhrif á ákvarðanatöku en eðlilegt væri.
- Gagnsæi varðandi umfang samvinnuverkefna í reikningsskilum sveitarfélaga er einnig nefnt sem ókostur, sem þó er ekki bundinn við byggðasamlagsformið eingöngu.

Lausnir eru til á flestum þessara vandamála. T.a.m. er vel þekkt að atkvæðavægi innan byggðasamlags ráðist af íbúafjölda hvers sveitarfélags frekar en að öll sveitarfélögin hafi sama atkvæðavægi. Í farvatninu eru jafnframt tillögur um breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að auka gagnsæi varðandi samvinnuverkefni sveitarfélaga.

- Einn af helstu kostum byggðasamlaga er að rekstur þeirra er einfaldur auk þess sem reglur og rekstrarumhverfi þeirra er í meginatriðum hið sama og hjá sveitarfélögunum. Þetta er því æskilegur rekstrargrundvöllur sameiginlegra verkefna sem eru lögbundin og hefðbundin fyrir sveitarfélögin og í raun eini valkosturinn fyrir sameiginlegan rekstur verkefna ef um er að ræða valdframsal frá sveitarstjórnum til samstarfsverkefnis.

### 2.2 Myndi hlutafélagsform henta starfseminni?

Það verkefni sem undirrituðum var einkum falið að skoða í upphafi er hvort annað rekstrarfyrirkomulag en byggðasamlag geti komið til álita fyrir samstarfsverkefnið. Af þeim kostum sem raktir eru í minnisblaði LEX telur undirritaður einkum tilefni til að skoða hlutafélagsformið.

- Í hlutafélagi ber enginn félagsmanna persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum heldur er fjárhagsleg ábyrgð þeirra takmörkuð við það hlutafé sem þeir leggja fram. Af 94. gr. sveitarstjórnarlaga leiðir hins vegar að aðildarsveitarfélög bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þau eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.
- Megin munurinn á einkahlutafélagi (ehf.) og opinberu hlutafélagi (ohf.) er að síðarnefnda formið lokar á eignarhald annarra en ríkis og sveitarfélaga. Eigendum ohf. eru tryggð ákveðin réttindi sem eiga að auka gagnsæi og má þar m.a. nefna að kjörnir fulltrúar í

sveitarstjórnum eiga rétt á að mæta á aðalfundi og bera fram skriflegar tillögur ef sveitarfélagið á aðild að hlutafélaginu.

- Í 69. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um heimildir sveitarstjórna til að gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum. Ekki er þar gerður greinarmunur á ábyrgðarveitingu til byggðasamlaga og annarra fyrirtækja, þ.m.t. ohf. eða ehf. en óheimilt er hins vegar að veita ábyrgð til félags sem er ekki að fullu í eigu opinberra aðila.[4] Að áliti undirritaðs ætti starfsemi Seyrustaða að falla innan orðalags 69. gr. um að hér sé um „lögákveðið verkefni" að ræða enda felst ekki í því orðalagi krafa um að verkefnið sé skylduverkefni sveitarfélaga.
- Aðgengi að lánveitingum frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fjárfestinga í fasteignum eða búnaði til seyruvinnslu eða söfnunar seyru ætti samkvæmt framansögðu ekki að vera verri þótt valið sé hlutafélagsform frekar en byggðasamlagsformið. En vert er að minna á að í 3. gr. samþykkta LS segir að skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart félaginu.

Samkvæmt framansögðu telur undirritaður hlutafélagsformið vel koma til álita. Þar sem umfang starfseminnar er á þessu stigi fremur takmarkað myndi einkahlutafélag (ehf.) vera líklegri kostur en opinbert hlutafélag (ohf.). Vafi um hvort starfsemin er undanþegin tekjuskatti er þó meiri varðandi ehf. heldur en byggðasamlag en þar sem félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni ættu skattaleg sjónarmið ekki endilega að hafa afgerandi áhrif á val á félagsformi.

Þegar niðurstaða sveitarfélaganna liggur fyrir um val á félagsformi ætti að vera einfalt að útbúa stofngögn ef niðurstaðan er að stofna nýtt félag, hvort sem það er byggðasamlag eða einkahlutafélag.

## 2.3 Skattaleg álitaefni og stofnfé

Á fundi með stjórn samstarfsverkefnisins 12. júní sl. komu fram spurningar um hvort munur væri á skattskyldu byggðasamlaga og hlutafélaga. Einnig varð nokkur umræða um möguleika eigenda til að áskilja sér arð eða endurgjald fyrir það stofnfé sem þeir hafa lagt í verkefnið.

Mikilvægt er að hafa í huga að í 2. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2023 eru sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin tekjuskatti. Sú undanþága á ekki við um hlutafélög. En í 8. tl. 4. gr. er þó sértæk undanþága frá tekjuskatti sem sennilega ætti að eiga við um Seyrustaði:

> *„Stofnanir eða félög í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga, að því leyti sem þeim hafa verið falin lögbundin verkefni vegna reksturs vatnsveitu og/eða fráveitu enda sé bæði rekstur og efnahagur hinna lögbundnu verkefna að fullu aðgreindur bókhaldslega frá annarri starfsemi."*

[4] Sjá 1. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga: Sveitarfélag getur veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á að öllu leyti, enda sinni þær verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga. Sveitarfélag getur einnig veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhlut. Skilyrði er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, að trygging sé bundin við lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgð fellur úr gildi ef lögaðili færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

Þar sem stefnt er að því að félagið verði rekið án hagnaðar ætti almennt ekki að koma til skattskyldu. Hugsanlegur vafi um undanþágu frá tekjuskatti ætti því ekki að hafa afgerandi áhrif á ákvörðun um rekstrarform. Við beitingu undanþáguákvæðis 8. tl. 4. gr. tekjuskattslaga má vænta þess að Skatturinn horfi til skráðs tilgangs viðkomandi félags og er því mikilvægt að afmarka tilganginn skýrt ef vilji er til að velja ehf. eða ohf. rekstrarform utan um þennan rekstur.

Varðandi hugsanlega arðtöku vísar undirritaður til leiðbeininga sem innviðaráðuneytið hefur gefið út til sveitarfélaga um gjaldskrár vatnsveitna. Leiðbeiningarnar byggja á frumkvæðisathugun ráðuneytisins á framkvæmd hjá vatnsveitum í eigu sveitarfélaga, sem leiddi í ljós að ekki væri nægilega ljóst á hvaða kostnaðarliðum sveitarfélög og vatnsveitur í þeirra eigu byggðu ákvarðanir sínar um álagningu vatnsgjalds, eins og þeim bæri að gera á grundvelli meginreglna stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar sem gilda um töku þjónustugjalda.

- Að áliti undirritaðs gefa umræddar leiðbeiningar sveitarfélögum tilefni til að stíga varlega til jarðar í ákvörðunum um arðtöku af innviðafjárfestingum á borð við vatnsveitur og fráveitur, a.m.k. þar til skýrari leikreglur hafa verið settar.
- Óháð álitaefni um arðsemi í rekstri verkefnisins þurfa eigendur samstarfsverkefnisins m.a. að taka afstöðu til þess hvort eignir færist til félags sem ætlunin er að stofna um starfsemina án þess að endurgjald/lántaka komi til.

## 3. Möguleg næstu skref til að stofna félag um reksturinn

Á fundi stjórnar samstarfsverkefnisins á fundi 12. júní sl. var bókuð eftirfarandi afstaða til félagsforms:

> *Í samræmi við minnisblaðið og umræðu fundarins er talið skynsamlegast að kanna með ítarlegri hætti að breyta núverandi rekstrarformi yfir í einkahlutafélag. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.*

Þær viðbætur sem undirritaður hefur sett í uppfært minnisblað, ásamt töflu frá KPMG ættu að svara helstu spurningum sem fram komu á fundinum.

Í stuttu máli ættu **næstu skref í málinu** að vera þessi, sem eru í meginatriðum hin sömu óháð því hvaða félagsform er valið:

1. Undirbúið verði erindi til þeirra sex sveitarstjórna sem eiga aðild að samstarfsverkefninu, þar sem gerð verði grein fyrir tillögu stjórnar samstarfsverkefnisins um félagsform. Í erindinu væri þá jafnframt óskað eftir athugasemdum sveitarstjórna við framangreind atriði.

   Á grundvelli þess sem rakið er í minnisblaðinu eru valkostir sveitarfélaganna þrír:

   a. Að stofna nýtt byggðasamlag
   b. Að stofna nýtt einkahlutafélag
   c. Að færa starfsemina undir byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU bs.)

2. Til að flýta fyrir ákvarðanatöku og tryggja samræmi við afgreiðslu í sveitarstjórnum kæmi til greina að undirbúa tillögu að samræmdri bókun í fundargerð sveitarstjórna. Slík drög að bókun gætu einfaldlega hljómað svo:

*Sveitarstjórn _________ veitir oddvita/sveitarstjóra/fulltrúa sveitarfélags í stjórn Seyrustaða umboð til að vinna áfram að stofnun félags og upplýsa sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur á undirbúningsstigi, á þeim forsendum sem kynntar hafa verið í sveitarstjórn.*

3. Til að erindið verði sett fram á sem skýrastan hátt í sveitarstjórnum kæmi til greina að setja fram tillögu stjórnar samstarfsverkefnisins um stofnsamþykkt og samþykktir fyrir hið nýja félag. Mögulega einnig tillögu um nafn þess, fyrirsvar og önnur atriði sem skylt er að komi fram í skráningartilkynningu.

4. Ef eigendur vilja er mögulegt að setja í drög að samþykktum ákvæði („girðingar“) um að eigendur eigi forkaupsrétt á hlutum, að eigendur geti ákveðið að einkaaðilar geti ekki keypt hlut nema með samþykki allra eigenda (eða tiltekins hlutfalls) og hve langan frest eigendur hafi til að leysa út hlut ef eigandi vill selja (ekki endilega nauðsynlegt).

   *Almenn ráðgjöf um ofangreint mun væntanlega verða hluti af vinnu KPMG.*

5. Stofnsamþykkt verði undirbúin fyrir stofnfund félagsins. Einnig verði gerð tilkynning til Fyrirtækjaskrár um raunverulega eigendur.

   *KPMG mun væntanlega vinna þessi gögn á síðari stigum.*

6. Fyrir stofnfund þarf að liggja fyrir tillaga um hlutafé eða stofnfé. Skynsamlegt gæti verið að fá sérfræðinga til að gera stofnefnahagsreikning.

   *KPMG mun væntanlega vinna þessi gögn á síðari stigum.*

7. Sum framkvæmdaratriði verða þó ekki ákveðin fyrr en á stofnfundi félagsins, t.d. skipan stjórnar.

Reykjavík 14. júlí 2023

Guðjón Bragason hdl.

# Viðauki – Ábendingar til sveitarfélaga varðandi framtíðaráform m.t.t. rekstrarforms

Undirritaður telur mikilvægt að við val á rekstrarformi verði horft til þess hvernig líklegt er að starfsemin þróist á næstu árum. Ljóst er að möguleikar til að auka umfang starfseminnar eru miklir. Líklegt er að stefna stjórnvalda, m.a. um innleiðingu hringrásarhagkerfis og aðgerðir í loftslagsmálum, auki líkur á að umfang verkefnisins muni aukast og jafnvel umtalsvert.

1. Ef vilji stendur til að fjölga aðildarsveitarfélögum verkefnisins er mögulegt að það gerist án þess að eigendum fjölgi heldur komi önnur sveitarfélög inn í verkefnið með gerð þjónustusamninga. En ef vilji stendur til þess að fjölga í eigendahópnum er hlutafélagsformið einfaldara en byggðasamlagsformið, þar sem meirihlutaákvörðun á aðalfundi um fjölgun í eigendahópi myndi vera nægileg.

2. Einkaaðilar gætu mögulega haft áhuga á að ganga inn í eigendahópinn og er það eingöngu mögulegt ef einkahlutafélagsform verður valið. En ítrekað skal að við það að bæta einkaaðilum inn í eigendahópinn skerðast lánamöguleikar félagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga og gæti fjármagnskostnaður af þeirri ástæðu hækkað. Eins og staðan er í dag eru einkaaðilar eingöngu þjónustuþegar og virðast rök frekar standa til þess að halda því fyrirkomulagi óbreyttu.

3. Ekki er þörf á mikilli yfirbyggingu utan um rekstur félagsins. Benda má á að ekki er skylda að ráða framkvæmdastjóra fyrir einkahlutafélag en benda má á þann möguleika að semja með þjónustusamningi við þriðja aðila um að annast framkvæmdastjórn, sem fæli þá í sér utanumhald um daglegan rekstur félagsins. Þar sem starfsemin fer í raun ekki fram á heilsársgrunni kann með þessu móti að vera mögulegt að ná samlegðaráhrifum, sem eru þó að einhverju leyti til staðar í dag.

4. Starfsemi Seyrustaða er tvíþætt í dag, þ.e. meðhöndlun seyru og söfnun hennar. Kjarnastarfsemin er meðhöndlun seyru og þar liggja mestir möguleikar til að þróa starfsemina frekar. Meira álitaefni kann að vera hvort félagið muni til framtíðar einnig annast söfnun seyru, sem er að einhverju leyti áhættumeiri og mætti mögulega semja við einkaaðila um að annast þann þátt rekstrarins. Áður en slík ákvörðun er tekin ætti þó að huga að því að virk samkeppni sé til staðar.

5. Sveitarfélögin miða gjaldskrár sínar við að rotþrær séu tæmdar á þriggja ára fresti en greitt er sérstaklega fyrir aukalosun. Ekki eru endilega til staðar rök til að hverfa frá því fyrirkomulagi.

6. Eðlilegt er að aðildarsveitarfélög skoði möguleika á að þróa gjaldtöku fyrir söfnun og meðhöndlun seyru á næstu árum. Við ákvörðun gjaldskrár verði tekið tillit til framtíðarfjárfestinga við meðhöndlun seyru og að sveitarfélögin samræmi forsendur sínar. Gjaldtaka miðist við meðal raunkostnað, sem getur þó verið breytilegur eftir sveitarfélögum vegna mismunandi vegalengda og þéttleika sumarhúsabyggða.

7. Vænta má þróunar á álagningarkerfi fasteignaskrár á næstu árum sem mikilvægt er að sveitarfélögin fylgist vel með.

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

**Fundargerð stjórnar SOS nr. 319**

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 7. september 2023, kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og í fjarfundarbúnaði Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2022-2033**

Lögð fram til kynningar aðgerðaráætlun SOS í svæðisáætlun. Ef ekki verður af sameiginlegri kynningu á svæðisáætlun þá leggur stjórn upp með að aðgerðaráætlun SOS verði kynnt á aðalfundi 27. október nk.

2. **Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 26. apríl 2023.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 17. maí 2023.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 14. júní 2023.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 16. ágúst 2023.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Undirbúningur fyrir aðalfund SOS**

Undirbúningur dagskrár aðalfundar. Rætt um möguleika á erindum/kynningum frá Orkugerðinni og Úrvinnslusjóði. Ræddar tillögur fyrir dagskrá fundarins um nýtingu fjármuna í sameiginleg verkefni, svo sem vegna móttöku á úrgangi úr fituskiljum. Ákveðið að óska eftir ábendingum frá aðildarsveitarfélögum varðandi möguleg verkefni fyrir SOS til að vinna að, sem myndi nýtast öllum sveitarfélögum á svæðinu.

Framkvæmdarstjóra SASS falið að senda út erindi á sveitarfélögin og verða niðurstöðurnar lagðar fyrir næsta fund stjórnar. Jafnframt verður farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá á næsta fundi stjórnar þann 2. október. Formanni falið að leggja fram drög að endurskoðuðum samþykktum SOS á næsta fundi stjórnar.

7. **Önnur mál**

Engin önnur mál rædd.

Gert er ráð fyrir að næstu fundir stjórnar verði haldnir klukkan 14:00 þann 2. október nk. og þann 25. október nk. kl. 20:00. Stefnt að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 14:12.

Selfossi, 5.9.2023

# Fundargerð stjórnar

*************************

**10. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 5. september 2023, kl. 12:30 á Teams.**

**Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

1. **Tækjaskemma á Laugarvatni**
   Búið er að gera samning við Grím Jónsson um að vera byggingastjóri á tækjaskemmu á Laugarvatni. Hann hefur rætt við nokkra hönnuði og fengið verðtilboð fyrir teikningar. Stjórn samþykkir að Grímur ásamt slökkviliðsstjóra haldi áfram viðræðum við Samúel Smára hjá Húsey um teikningar á skemmunni og semji við hann um gerð bygginganefndarteikninga vegna verkefnisins.

2. **Húsnæðismál fyrir Laugarvatnsstöð á framkvæmdatíma**
   Brunavörnum hefur verið boðið að leigja iðnaðarhús meðan á framkvæmdum stendur en einnig er mögulegt að leigja áfram núverandi aðstöðu af kaupendum. Slökkviliðsstjóra falið að tryggja húsnæði á framkvæmdatímanum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 12:40

Fjóla Kristinsdóttir
Bragi Bjarnason
Helgi Kjartansson
Árni Eiríksson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Unna Björg Ögmundsd

# Fundargerð 932. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 8. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Rósa Guðbjartsdóttir.

Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 931. fundar - 2301014SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 931. fundar stjórnar sambandsins frá 22. júní 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

   Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 20. og 21. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 7. júní og 16. ágúst 2023.

3. **Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

   Lögð fram fundargerð 147. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. júní 2023.

4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

   Lagðar fram fundargerðir 87., 88. og 89. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. júní, 3. júlí og 28. ágúst 2023.

5. **Staða kjaramála - 2301032SA**

   Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 6. september 2023, um stöðu kjaramála í september 2023.

6. **Kjarasamningar - 2301032SA**

   Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla, dags. 18. ágúst 2023, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 30. ágúst 2023 um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

   *Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrirliggjandi kjarasamninga við Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í leikskólum og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.*

7. **Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga - 2302012SA**

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, kynnti dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir vék af fundi kl. 13:05.

8. **Stafrænt samstarf sveitarfélaga - 2301044SA**

Lilly Dan sérfræðingur frá Færeyjum kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stafrænni framþróun ríkis og sveitarfélaga þar í landi..

*Stjórn sambandsins þakkaði Lilly Dan fyrir virkilega áhugaverða og gagnlega kynningu.*

9. **Málefni hælisleitenda - flóttafólks - 2308008SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. ágúst 2023, um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

*Stjórn sambandsins ítrekar þá afstöðu sem sambandið hefur talað fyrir undanfarnar vikur um að sveitarfélögum sé hvorki heimilt né skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð, sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn viðkomandi um alþjóðlega vernd skv. útlendingalögum.*

10. **Afsláttur af árskortum í líkamsrækt til íbúa sveitarfélags - 2308015SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga til innviðaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2023, um afslátt af líkamsræktarkortum til íbúa sveitarfélags.

*Stjórn sambandsins felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með innviðaráðherra til þess að ræða niðurstöðu álits ráðuneytisins í máli nr. IRN22010877. Mikilvægt er að skýra hvað sé heimilt við gjaldtöku og/eða veitingu annars konar ívilnana gagnvart íbúum sveitarfélaga.*
*Stjórn leggur jafnframt áherslu á gott og þétt samstarf við innviðaráðuneytið þegar álitaefni koma upp sem tengjast sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og heimildum þeirra til þess að þjónusta íbúa sína.*

11. **Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027 - 2308027SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2023, um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

12. **Umsögn um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára - hvítbók um húsnæðismál - 2309006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 5. september 2023, um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál), mál nr. S-139/2023.

*Að áliti sambandsins er hvítbókin til þess fallin að styðja við markvisst samstarf ríkis og sveitarfélaga um framþróun húsnæðismarkaðar um land allt á grundvelli rammasamnings um húsnæðismál. Það er mikilvægt að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, séu samtaka í þeirri vegferð sem er framundan við að tryggja nægt framboð íbúðarhúsnæðis um allt land og fyrir alla hópa fólks. Engu að síður telur*

*sambandið rétt að árétta mikilvægi þess að fyrir liggi með skýrum hætti hvaða mögulegar kvaðir tilvitnaðar aðgerðir í hvítbók kunna að leggja á herðar sveitarfélaga og að fjármögnun verði tryggð til frambúðar til að ná fram markmiðum hvítbókar og þeirra aðgerða sem þar eru útlistuð.*

13. **Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda - 2206028SA**

Lögð fram skýrsla starfshóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

*Stjórn sambandsins tekur undir tillögur stýrihópsins sem leggur til að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Mikilvægt er að samkomulag um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda verði flýtt eins og kostur er.*

14. **Tilnefning í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 2305019SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 28. júní 2023, þar sem Rósa Steingrímsdóttir er tilnefnd í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

15. **Tilnefning í starfshóp um laga- og reglugerðabreytingar um þjónustu vegna ofbeldis á konum - 2306020SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 30. júní 2023, þar sem Þóra Kemp, hjá Reykjavíkurborg og Tómas Ingi Adolfsson, hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefnd í starfshóp um laga- og reglugerðabreytingar um þjónustu vegna ofbeldis. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

16. **Tilnefning í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - 2306022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. júlí 2023, þar sem Alexandra Briem, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Kristinn Jón Ólafsson, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn Nýsköpunarsjóð námsmanna.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

17. **Tilnefning í stýrihóp um heildarendurskoðun almannavarnalaga - 2306017SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2023, þar sem Jón Björn Hákonarson, fv. bæjarstjóri Fjarðabyggðar, er tilnefndur sem aðalmaður í stýrihóp um heildarendurskoðun almannavarnalaga, og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, til vara.

18. **Tilnefning í byggðamálaráð - 2308002SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2023, þar sem Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í byggðamálaráð, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

19. **Tilnefning í starfshóp um feril kostnaðarmats - 2308007SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2023, þar sem Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri á fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um feril kostnaðarmats.

20. **Tilnefning í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og frístund - 2304021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2023, þar sem Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og frístund.

21. **Umsögn um reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli - 2306012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. júní 2023, um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli, mál nr. S-100/2023.

22. **Umsögn um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - 2307017SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 20. júlí 2023, um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038, mál nr. S-112/2023.

23. **Umsögn um reglugerð um netöryggisráð - 2307012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2023, um reglugerð um netöryggisráð, mál nr. S-122/2023.

24. **Umsögn um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis - 2307013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2023, um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggi, mál nr. S-123/2023.

25. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða - skipan svæðisráða o.fl. - 2308003SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-132/2023.

26. **Umsögn um áform um breytingar á persónuverndarlögum - 2308011SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2023, um áform um breytingar á persónuverndarlögum, mál nr. S-142/2023.

27. **Umsögn um starfshóp um skattlagnnigu orkuvinnslu - 2308013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2023, um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu, mál nr. S-119/2023.

28. **Ályktanir Íþróttaþings ÍSÍ - 2308033SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá 75. Íþróttaþingi ÍSÍ sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5.-6. maí 2023, þar sem ríki og sveitarfélög er hvött til að gera íþróttahreyfinguna að lykilatriðum í að hvetja þjóðina til að auka við hreyfingu og taka þannig beinan þátt í að bæta lýðheilsu sína. Einnig er ríki og sveitarfélög hvött til og halda áfram vinnu við uppbyggingu þjóðarleikvanga fyrir sem flestar íþróttagreinar þannig að áfram verði hægt að keppa í alþjóðlegum viðburðum á Íslandi. Jafnframt eru þau hvött til þess að vinna að því að sérsambönd ÍSÍ hafi aðgang að aðstöðu fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk.

Fundi var slitið kl. 14:45

Fundargerð nr. 207

**207. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams, 13.9.2023 kl. 13:30.**

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. **Skólaárið 2023 – 2024**
   Helga Sighvatsdóttir skólastjóri fór yfir dagatalið.
2. **Biðlistar**
   25 nöfn á biðlista, gert er ráð fyrir að um helmingur þeirra sem eru á listanum komist að í október. Rætt var um að hafa skólann áfram sýnilegan og kynna vel fyrir öllum aldurshópum.
3. **Starfsmannamál.**
   Farið yfir starfsmannamál. 3 kennarar hættir, ein í leyfi. Einn nýr kennari ráðinn til starfa til afleysinga. Kennsla dreifðist á aðra kennara skólans. Reynt er að stíla inn á að hafa sérfræði menntaða kennara á hvert hljóðfæri.
4. **Húsnæðismál.**
   Þrengir að tónlistarnámi víða í skólum. Tónmenntastofur víða nýttar í annað en tónlistarnám.
   Enginn aðstaða fyrir tónlistarnám er til staðar í Vallaskóla.
   Trommukennsla hefur verið sett í kjallari í Hveragerði.
   Gamla Veiðisport á Selfossi (Páll) hljóðvist og loftgæðum ábótavant. Komið fyrir að nemendur og kennarar óski eftir að vera ekki í tímum þar.
   Stjórn tónlistarskólans hvetur til þess að unnið verði að því að tónlistarnám fari fram í húsnæði sem er nemendum og kennurum bjóðandi.

5. **Heimsóknir.**
   Ákveðið að hafa heimsóknir á kennslustaði í uppsveitum 25. sept 11:40 frá Selfossi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:20/ SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson,*
*Erla Sif Markúsdóttir,*
*Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,*
*Helga Sighvatsdóttir,*
*Jóhann I. Stefánsson*

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>
**Sent:** föstudagur, 15. september 2023 21:09
**To:** Rósa Sif Jónsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Höskuldur Þorbjarnarson; aldis@fludir.is; Anton Kári Halldórsson; Ásta Stefánsdóttir; Elliði Vignisson; fjolask@arborg.is; Geir Sveinsson; Grímsnes- og Grafningshreppur (gogg@gogg.is); Haraldur Þór Jónsson (haraldur@skeidgnup.is); Hulda Kristjánsdóttir; iris@vestmannaeyjar.is; Mýrdalshreppur (sveitarstjori@vik.is); Sveitarstjóri - Rangárþing ytra (sveitarstjori@ry.is); Sveitarstjóri Skaftárhrepps; Valtýr Valtýsson (valtyr@asahreppur.is)
**Cc:** Bjarni Guðmundsson
**Subject:** 2308130HS -
**Attachments:** 230_fundur_fundargerd.pdf

**One:** -1

Góðan dag

Meðfylgjandi er fundargerð 230. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem var haldinn 11. september sl.

Til kynningar hjá aðildarsveitarfélögunum.

Framundan er aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem verður haldinn á Ársþingi SASS í Vík í Mýrdal og verður seinni daginn eða 27. október kl. 10.

Vakin er athygli á að á dagskrá aðalfundar verður sérstakur dagskrárliður sem varðar fráveitumál í samræmi við bókun á síðasta fundi heilbrigðisnefndarinnar.

Bent er á 3. gr. SAMÞYKKTAR fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. þar sem m.a. kemur fram varðandi setu á aðalfundi:

> Heilbrigðisnefndarmönnum og framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaga er heimilt að sitja aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en hafa eingöngu málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, samkvæmt framangreindu.
>
> Sveitarstjórnarmönnum aðildarsveitarfélaga, sem ekki eru kjörnir til setu á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs., og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. er heimilt að sitja aðalfundi sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og rétt til setu í starfsnefndum aðalfundar/aukaaðalfundar er fjalla um málefni á sviði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. en hafa ekki atkvæðisrétt.
>
> Hver fulltrúi aðildarsveitarfélags á aðalfundi eða aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. skv. 1.-4. tölulið fer með eitt atkvæði. Aðrir fundarmenn hafa ekki atkvæðisrétt.

Kveðja,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

**Sigrún Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri
Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

---

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**230. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn mánudaginn 11. september 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason í fjarfundabúnaði og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, skráning, tóbakssöluleyfi, brennuleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

### a) Starfsleyfi

*Málum lokið:*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308127HS | Starfsleyfi - Haustgildi | Pétur Már Guðmundsson v/útihátíð Stokkseyri | 825 | 31.08.2023 |
| 2308123HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Fótaaðgerðarstofan Björk ehf | 900 | 30.08.2023 |
| 2308102HS | Starfsleyfi endurnýjun | Þjóðgarðurinn Þingvöllum v/tjaldsvæðis | 806 | 23.08.2023 |
| 2308086HS | Starfsleyfi ný starfsemi | SVK ehf - Torfastaðakot 17, gisting | 806 | 21.08.2023 |
| 2308088HS | Starfsleyfi endurnýjun | VR tjaldsvæði og vatnsveita í orlofshúsab., Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð | 806 | 21.08.2023 |
| 2308071HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Jötunheimar - Heiðarstekkur - Sveitarfélagið Árborg | 899 | 17.08.2023 |
| 2308061HS | Starfsleyfi, tímabundið | Rangárþing eystra - Kjötsúpuhátíð 2023 | 860 | 15.08.2023 |
| 2308055HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Skaftárhreppur v/Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar | 880 | 14.08.2023 |
| 2308044HS | Starfsleyfi, tímabundið | Hveragerðisbær - Blómstrandi dagar 17.-20. ágúst 2023 | 810 | 10.08.2023 |
| 2308030HS | Starfsleyfi ný starfsemi | eySalt ehf. | 900 | 04.08.2023 |
| 2308028HS | Starfsleyfi nýtt húsnæði | Rangárþing eystra – Leikskólinn Aldan | 860 | 03.08.2023 |

*Í vinnslu:*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2309020HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Þrúðvangi 10 – Naglafar ehf. | 850 | 11.09.2023 |
| 2309016HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Nýjabæ 6 - Linda Björk Ómarsdóttir | 801 | 07.09.2023 |
| 2309009HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting Skógsnedi - Atli Verk ehf. | 800 | 06.09.2023 |
| 2309011HS | Starfsleyfi, nýtt | Icelandic Land Farmed Salmon ehf | 900 | 06.09.2023 |
| 2309013HS | Starfsleyfi ný starfemi | Íbúðagisting - Sveitabær ehf. | 861 | 06.09.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2309003HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Fröken Selfoss - ÁB veitingar ehf. | 800 | 04.09.2023 |
| 2308129HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Nína Björg Borgarsdóttir - Daggæsla | 800 | 31.08.2023 |
| 2308113HS | Starfsleyfi endurnýjun | Þjónustuíbúðir Vallholti 12-14 - Sv. Árborg | 800 | 29.08.2023 |
| 2308114HS | Starfsleyfi endurnýjun | Skammtímavistun Álftarima - Sv. Árborg | 800 | 29.08.2023 |
| 2308115HS | Starfsleyfi endurnýjun | Þjónustuíbúðir Vallholti 9 - Sv. Árborg | 800 | 29.08.2023 |
| 2308111HS | Starfsleyfi endurnýjun | Fjallaís - Sveita Valdís | 860 | 28.08.2023 |
| 2308105HS | Starfsleyfi - eigandaskipti | The Millhouse - Borgarbraut 4 - Lyngheiði ehf. | 851 | 23.08.2023 |
| 2308093HS | Starfsleyfi vatnsból | Gisting Butra og vatnsból- Ágúst Jensson | 861 | 22.08.2023 |
| 2308099HS | Starfsleyfi ný starfsemi vegna gistingar | Búið & gert ehf | 804 | 22.08.2023 |
| 2308080HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hárstofa Írisar - Íris Ósk Kristófersdóttir | 800 | 21.08.2023 |
| 2308081HS | Starfsleyfi - eigendaskipti | Brún ehf. - gistiþjónusta, Meiri-Tungu | 851 | 21.08.2023 |
| 2308083HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hlíðarás Guesthouse - Snyrtistofan Athena ehf. | 816 | 21.08.2023 |
| 2308087HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Snasi ehf - Ásatúnsvallarland | 846 | 21.08.2023 |
| 2308078HS | Starfsleyfi - endurnýjun v. br. á rekstri | Snyrtistofan Athena ehf. | 810 | 18.08.2023 |
| 2308077HS | Starfsleyfi, eigendaskipti. | Nauteyri ehf, - Westman Islands Villas | 900 | 17.08.2023 |
| 2308076HS | Starfsleyfi, eigendaskipti. | Nauteyri ehf, - Búhamar 8 | 900 | 17.08.2023 |
| 2308075HS | Starfsleyfi, eigendaskipti. | Nauteyri ehf, - Búhamar 6 | 900 | 17.08.2023 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

## b) Skráning starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308043HS | Skráning, tímabundin - Niðurrif asbests Búrfellsvirkjun | HERA 85 slf. | 262 | 10.08.2023 |
| 2308042HS | Skráning, tímabundin - Flugeldasýning Blómstrandi dagar 19. ágúst 2023 | Hveragerðisbær | 810 | 10.08.2023 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

## c) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308023HS | Tóbakssöluleyfi nýtt | Ferðaþjónustan Úthlíð ehf | 806 | 01.08.2023 |

Til kynningar/staðfestingar

## d) Brennuleyfi

Til kynningar

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308029HS | Brennuleyfi, brenna undir 100 m3 | Iceland inn ehf. | 804 | 03.08.2023 |

Til kynningar/staðfestingar

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

## e) Afturköllun/höfnun starfsleyfa:

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308031HS | Starfsleyfi hafnað vegna skipulags | Skatt - bókhald&skil ehf - Gisting í frístundahúsi | 850 | 04.08.2023 |
| 2308021HS | Starfsleyfi hafnað vegna skipulags | Ginnir ehf. - Gisting í frístundahúsi | 806 | 01.08.2023 |
| 2308069HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt. | 900 Grillhús - 900 Veitingar ehf | 900 | 16.08.2023 |
| 2308065HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt. | Útleiga íbúðarhúss – Sunnubr. 31, Vík - Elísabet Magnúsdóttir | 870 | 15.08.2023 |
| 2308045HS | Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir | Reykjagarður hf. v/Meiri-Tungu II | 851 | 11.08.2023 |
| 2308026HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hættir | Fagus hf trésmíðaverkstæði | 815 | 02.08.2023 |
| 2308007HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt. | BB616 ehf. - Frúin góða vínbar | 900 | 01.08.2023 |
| 2307090HS | Afturköllun starfsleyfis, starfsemi hætt. | Vestmannaeyjabær v/daggæslu á Strönd | 900 | 31.07.2023 |

Til kynningar/staðfestingar

## d) Umsagnir til sýslumanna

### Vegna veitinga- og gistileyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2309014HS | Rekstrarleyfi nýtt | Ferðafélag Ísl.v/Skáli, Langadal | 861 | 06.09.2023 |
| 2309012HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Sveitabær ehf. | 861 | 06.09.2023 |
| 2309010HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Atli Verk ehf. - gistiþjónusta | 800 | 06.09.2023 |
| 2309008HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Linda Björk Ómarsdóttir - gisting | 801 | 06.09.2023 |
| 2308117HS | Rekstrarleyfi nýtt - íbúðagisting Hvolsvelli | Kristjón L Kristjánsson | 850 | 29.08.2023 |
| 2308108HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | The Millhouse - Borgarbraut 4 - Lyngheiði ehf. | 851 | 28.08.2023 |
| 2308106HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | Adrian Zoladek – minna gistiheimili | 800 | 23.08.2023 |
| 2308100HS | Rekstrarleyfi ný starfsemi | Hvesta fjárfestingar ehf. - íbúðagisting | 900 | 22.08.2023 |
| 2308064HS | Rekstrarleyfi vegna sölu áfengis á framleiðslustað - ótímabundið leyfi | Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf. | 810 | 15.08.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

### Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2309015HS | Tækifærisleyfi Rave 23. September dansleikur | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 880 | 07.09.2023 |
| 2309004HS | Tækifærisleyfi dansleikur | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Tungusel | 880 | 05.09.2023 |
| 2308097HS | Tækifærisleyfi - Viðburðastofa Suðurlands - útitónleikar Kjötsúpuhátíð | Viðburðastofa Suðurlands ehf. | 860 | 22.08.2023 |
| 2308094HS | Tækifærisleyfi - Knattspyrnufélag Rangæinga | Knattspyrnufélag Rangæinga | 860 | 22.08.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2308063HS | Tækifærisleyfi - Blómstrandi dagar 19. ágúst 2023, Dansleikur Skólamörk | Tónræktin ehf. | 810 | 15.08.2023 |
| 2308059HS | Tækifærisleyfi - Blómstrandi dagar 17.-20. ágúst 2023 | Hveragerðisbær | 810 | 15.08.2023 |
| 2308054HS | Tækifærisleyfi - Sonus viðburðir ehf. réttarball | Reiðhöllin Flúðum ehf | 845 | 14.08.2023 |
| 2308052HS | Tækifærisleyfi - Haustgildi | Pétur Már Guðmundsson v/útihátíð Stokkseyri | 845 | 14.08.2023 |
| 2308051HS | Tækifærisleyfi - Réttarball | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 880 | 11.08.2023 |
| 2308049HS | Tækifærisleyfi - bæjarhátíð Þorlákshöfn | Tónræktin ehf. | 815 | 11.08.2023 |
| 2308039HS | Tækifærisleyfi - Kjötsúpuhátíð 2023 | Rangárþing eystra | 860 | 09.08.2023 |
| 2308038HS | Tækifærisleyfi - Töðugjöld á Hellu 2023 | Rangárþing ytra v/Íþróttamiðstöð Hellu | 850 | 09.08.2023 |
| 2308035HS | Tækifærisleyfi - Blómstrandi dagar 19. ágúst 2023 - Skemmtun Fossflöt | Tónræktin ehf. | 810 | 09.08.2023 |
| 2308020HS | Tækifærisleyfi til áfengisveitinga, Þjóðhátíð. | 900 Grillhús - 900 Veitingar ehf | 900 | 01.08.2023 |
| 2307091HS | Tækifærisleyfi, umsögn vegna Þjóðhátíðar. | Lundinn - Dalhraun 6 ehf | 900 | 31.07.2023 |

Afgreiðsla staðfest

### e. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2309007HS | Eystra-Seljaland - Umsögn um aðalskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 05.09.2023 |
| 2308126HS | Rauðuskriður, nr. 05462023 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 30.08.2023 |
| 2308125HS | Stóri-Hóll, nr. 05512023 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 30.08.2023 |
| 2308124HS | Eystra Seljaland - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 30.08.2023 |
| 2308091HS | Þjóðólfshagi íbúabyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 22.08.2023 |
| 2308090HS | Hvammur 3 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 22.08.2023 |
| 2308089HS | Árbæjarhellir - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 22.08.2023 |
| 2308082HS | Stakar framkvæmdir - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | | 21.08.2023 |
| 2308068HS | Árbæjarhellir - Umsögn um aðalskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 16.08.2023 |
| 2308047HS | Mói, miðsvæði, Þorlákshöfn - Umsögn um deiliskipulagtillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 11.08.2023 |
| 2308046HS | Spóavegur 12a, Ölfusi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 11.08.2023 |
| 2308041HS | Búðarstígur 23, Eyrarbakka - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar | | 09.08.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

*Mat á umhverfisáhrifum*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2308112HS | Hringvegur um Síðu - Umsögn um matsáætlun | Skipulagsstofnun | 105 | 29.08.2023 |
| 2308057HS | Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 - Umsögn um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 15.08.2023 |
| 2308048HS | Sigölduvirkjun - Umsögn um umhverfismatsskýrslu | Skipulagsstofnun | 105 | 11.08.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

**f) Rekstraryfirlit**

Lagt fram til kynningar

**2. Vegna aðalfundar 27. október 2023**

**a. Dagskrá aðalfundar HSL**

Lögð fram og samþykkt

**b. Ársskýrsla 2022**

Var samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 4. maí 2023

**c. Ársreikningur 2022**

Var samþykktur og undirritaður á fundi heilbrigðisnefndar 30. mars 2023

**d. Fjárhagsáætlun 2024**

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt.

**e. Gjaldskrá 2024**

Drög að gjaldskrá lögð fram og samþykkt.

**3. Úr eftirliti**

**a. Akurholt, Ölfusi eftirlit á lóðum og lendum**

Til kynningar. Ítrekað að lokið verði við tiltekt á lóðinni. Jafnframt er minnt á að geymsla og niðurrif á bílum er starfsleyfisskyld starfsemi.

**b. Heiðmörk 63, Hveragerði, eftirlit á lóðum og lendum**

Framkvæmdastjóra falið að afla frekari ganga – afgreiðslu frestað.

**c. Vöktun fráveitu Hveragerðisbæjar og takmörkun á aðgengi útivistarsvæðis**

Málið hefur verið á dagskrá Heilbrigðisnefndar Suðurlands undanfarna mánuði. Sýni hafa verið tekin mánaðarlega að jafnaði og á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að boða Hveragerðisbæ til fundar með heilbrigðisnefnd, sem var gert og ítrekað óskað eftir gögnum. Svör hafa ekki borist.

Borist hefur greinargerð frá Veiðifélagi Varmár og Þorleifslækjar um málið.

Jafnframt hefur borist bókun umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Ölfuss um málið.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands vísar í bókun, dags. 12. júní 2023. Þar segir:

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

*Í ljósi alvarleika málsins er Hveragerðisbæ hér með veitt áminning sbr. 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Heilbrigðisnefnd Suðurlands áminnti Hveragerðisbæ vegna fráviks frá starfsleyfi. Frávikið varðar viðvarandi gerlamengun í Varmá. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur ekki borist tímasett úrbótaáætlun vegna fráviksins.

Í ljósi ofangreinds áformar Heilbrigðisnefnd Suðurlands að beita Hveragerðisbæ frekari þvingunarúrræðum sbr. *XVII. kafli Valdsvið og þvingunarúrræði í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir rekstraraðila frest til 1. október nk. til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994.

**d. Hraunborgir – takmörkun á starfsemi**

Bréf og eftirlitsskýrsla til kynningar. Málinu verður fylgt eftir.

**4. Aðsend erindi**

**a. Olís ehf. vegna eldsneytisafgreiðslu Litlu Kaffistofunni, Sandskeiði, Ölfusi**

Olís ehf. hefur tekið ákvörðun um að leggja niður eldsneytissölu á staðnum.
Núgildandi starfsleyfi rennur út 30. september 2023. Skv. tölvupósti frá Olís ehf. dags. 21. ágúst sl er óskað eftir áframhaldandi rekstri til loka mars 2024.

Á 226. á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 30. mars sl. var afgreitt tímabundið starfsleyfi til 30. september 2023.
Eldsneytisafgreiðsla Olís ehf. í Litlu-Kaffistofunni, Svínahrauni, Ölfusi er á svæði í flokki A skv. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 að mati Heilbrigðisnefndar Suðurlands og skal uppfylla kröfur um mengunarvarnir í samræmi við 26. gr. sömu reglugerðar.
Forsaga máls er að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands barst áætlun um úrbætur frá rekstraraðila sem embættið gat ekki fallist á, þar sem í henni var ekki tekið mið af ofangreindu áliti Heilbrigðisnefndar Suðurlands þ.e. að eldsneytisafgreiðslan sé á svæði í flokki A skv. 6. gr. rgl. nr. 884/2017.
Í bókun á ofangreindum fundi 30. mars sl. kemur fram:

> *„Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki fallist á ofangreindan tímaramma og fer fram á að að úrbótum verði lokið fyrir 30. september 2023, þar sem um er að ræða vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins með vísun í ofangreint."*

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hafnar erindi Olís ehf. á þeim forsendum að úrbætur hafa ekki verið gerðar.

**b. Pure North Recycling - Kvartanir yfir lyktarmengun**

Til kynningar ítrekaðar kvartanir vegna ólyktar. Forsvarsmenn Pure North Recycling hafa lagt fram tillögur að lausnum til að draga úr lyktarmengun. Heilbrigðisnefnd telur að málið

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

sé þess eðlis að það krefjist afstöðu skipulagsyfirvalda Hveragerðisbæjar. Óskað er eftir upplýsingum um framvindu málsins.

5. **Önnur mál**
   c. **Umboðsmaður Alþingis bréf vegna kvörtunar yfir aðbúnaði á Litla-Hrauni.**

Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50

Guðrún S. Magnúsdóttir

Fjóla St. Kristinsdóttir

Örn Friðriksson

Sigrún Guðmundsdóttir

Páll Tómasson

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Kennitala: 0410602639
Tími: 11.09.2023 19:17
Undirrita skjal úr OneCRM
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 11.09.2023 19:22
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 11.09.2023 19:54
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 11.09.2023 22:41
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 12.09.2023 7:42
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 12.09.2023 12:20
Samþykkt
Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**
Undirritað af: Örn Friðriksson
Kennitala: 1201594379
Tími: 12.09.2023 15:02
Samþykkt
Undirritað með OneSign

# Fundargerð

## 13. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 11. september 2023 og hófst kl. 8:00.

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Þór Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir.

1. **Fundarsetning**
   Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. **Stjórnskipulag Héraðsnefndar**
   Farið var yfir næstu skref með breytingar á stjórnskipulagi Héraðsnefndar ásamt því að fara yfir aðkomu Lögmanna Suðurlands að þeirri vinnu sem fram undan er. Formanni falið að vinna minnisblað og leggja fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar.

3. **Kjör Héraðsnefndar í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands, erindi dags. 5. september 2023**
   Framkvæmdastjórn samþykkir að Arna Ír Gunnarsdóttir verði fulltrúi Héraðsnefndar í fulltrúaráði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.

4. **Haustfundur Héraðsnefndar**
   Framkvæmdastjórn samþykkir að haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 2023 verði haldinn í sveitarfélaginu Ölfusi, þriðjudaginn, 10. október kl. 8:30.

5. **Næsti fundur**
   Næsti fundur stjórnar verður þann 25. september n.k. kl. 8:15.

Fundi slitið kl. 8:46
Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Þór Kristjánsson

**Stjórn byggðasamlags UTU - 102. fundur**
**haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 13. september 2023**
**og hófst hann kl. 10:30**

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Árni Eiríksson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

1. **Staðan eftir sumarfrí og verkefnin framundan - 2309057**

   Farið yfir stöðu embættisins eftir sumarfrí og hvaða verkefni eru framundan.

   *Almenn ánægja var meðal starfsmanna að hafa haft lokað í 4 vikur í sumar. Í lok ágúst hætti Stella störfum hjá UTU og Rebekka Rut kom til starfa sem ritari hjá embættinu. Um mánaðamótin ágúst/sept. fór Ellisif í 80% starfshlutfall sem ritari. Búið er að gera milliuppgjör við aðildarsveitarfélögin vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa fyrir tímabilið 1. janúar til 1. júní.*
   *Skrifstofustjóri fór yfir fund sem hann átti með forsvarsmönnum héraðsskjalasafnsins þar sem m.a. var rætt að UTU sæki formlega um að verða stafrænt embætti. Skrifstofustjóri er að skoða málið í samstarfi við starfsmenn og út frá kerfum sem embættið er með. Einnig er verið að endurnýja málalykil og yfirfara eigindi hjá embættinu í samstarfi við héraðsskjalasafnið.*

   *Samþykkt*

2. **Önnur mál - 2305069**

   Stjórn UTU ákveður að aðalfundur fyrir árið 2022 verði haldinn 11. okt. kl. 11:00 í kjölfar skipulagsnefndarfundar. Skrifstofustjóra falið að finna fundarstað og boða til fundarins í samræmi við samþykktir byggðasamlagsins og í samráði við stjórnarformann.

   *Samþykkt samhljóma*

   *Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30**

| | |
|---|---|
| Helgi Kjartansson | Árni Eiríksson |
| Björn Kristinn Pálmarsson | Jón Bjarnason |
| Haraldur Þór Jónsson | Ísleifur Jónasson |

# Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson

Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 14.09.2023
Tími: 12:45:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

fulltrúi Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 15.09.2023
Tími: 12:10:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 14.09.2023
Tími: 11:41:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 14.09.2023
Tími: 18:02:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 14.09.2023
Tími: 10:53:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

fulltrúi Flóahrepps
Árni Eiríksson

Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 14.09.2023
Tími: 10:55:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2f916544-5651-4d3d-a8ad-a6b1774ed12a

# Fundargerð 933. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 18. september kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sat fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA**

   Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýju skipuriti fyrir Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var unnið í samvinnu við DecideAct.

   *Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram m.v. umræður á fundinum. Formanni og Margréti Sanders falið að yfirfara starfskjarastefnu sambandsins.*

2. **Heiðursmerki sambandsins - 2309022SA**

   Formaður lagði til að veita tveimur einstaklingum heiðurmerki sambandsins.

   *Stjórn samþykkti tillögu formanns.*

Fundi var slitið kl. 14:30

# 598. fundur stjórnar SASS

## Hótel Örk

## 17. ágúst 2023, kl. 16:30 – 17:00

Þátttakendur: Ásgerður K. Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fund stjórnar sem haldinn er í beinu framhaldi af vinnufundi stjórnar.

1. **Fundargerð**

   Fundargerð 597. fundar staðfest og hún verður undirrituð síðar.

2. **Ársþing SASS 2023**

   Formaður kynnir undirbúning fyrir ársþing samtakanna og frumdrög að dagskrá og hugmyndum um þema þess en það getur m.a. tengst fráveitum, stoðkerfinu og áskorunum sem sveitarfélög standa frammi fyrir og tengjast lögheimilum án tilgreinds heimilisfangs. Hugmyndir ræddar um fyrirkomlag og umfjöllunarefni á þinginu. Verður nánar rætt á næsta fundi stjórnar.

3. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

   a. Á vinnufundi stjórnar var fjallað um uppbygginguí stoðkerfisins á Suðurlandi, þ.e. þess hluta sem sem stuðlar með einum eða öðrum hætti að jákvæðri byggðaþróun. Niðurstaða umræðu er að fjalla nánar um áfangastaðastofur hvernig skipulagi og rekstri þeirra er háttað í öðrum landshlutum og á Suðurlandi. Einnig rætt um að kanna nánar hver staðan er varðandi hugmynd stjórnar Háskólafélags Suðurlands um sameiningu við Fræðslunetið á Suðurlandi.
   b. Fjármálaráðstefna sambandsins verður haldinn 21. – 22. september nk. Umræður um boð sem haldið er fyrir sunnlenska þingfulltrúa að kvöldi 21. september nk. Framkvæmdastjóra falið að skoða nánar útfærslu.
   c. Framkvæmdastjóri uppl. að ósk hefði borist um að leigja starfsaðstöðu hjá samtökunum. Unnið er að tveimur LIFE umsóknum sem tengjast sveitarfélögunum á Suðurlandi og óskað hefur verið eftir að SASS verði þátttakandi í þeim.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 1. september nk.

Fundi slitið kl. 17:00

Ásgerður K. Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson

# 599. fundur stjórnar SASS

## fjarfundur

## 1. september 2023, kl. 12:00 – 15:30

Þátttakendur: Grétar Ingi Erlendsson varaformaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Ásgerður Kristín Gylfadóttir boðaði forföll og Gauti Árnason tekur þátt í hennar stað. Undir dagskrárlið 2 taka þátt Elísabet Sveinsdóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogs, frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri og Kristján Guðmundsson verkefnisstjóri áfangastaða- og markaðssviðs og frá Ferðamálastofu Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundar hugbúnað.

Varaformaður býður fundarmenn velkomna.

1. **Fundargerð**

   Bíður afgreiðslu til næsta fundar.

2. **Skipulag og rekstur á áfangastaðastofu**

   Varaformaður fer yfir umræður frá síðasta fundi um stoðkerfið á Suðurlandi en á þeim fundi var ákveðið að fjalla nánar um hvernig skipulagi og rekstri áfangastaðastofu er háttað í öðrum landshlutum og hver sýn Ferðamálstofu er. Eftirtaldir tengjast fundinum:

   a. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

      Elísabet Sveinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, kynnir aðdragandann að stofnun Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins sem öll sjö sveitarfélögin á svæðinu standa að. Hún fer yfir rökin fyrir skipulaginu en hlutverk markaðsstofunnar er að þróa og markaðssetja áfangastaðinn í heild með áhersla á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur. Hún kynnir helstu áherslur og þau verkefni sem fram undan eru s.s. gerð áfangastaðaáætlunar. Meginþemað er að samstarf eykur slagkraft.

   b. Skipulag og rekstur hjá SSV á Vesturlandi

      Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri og Kristján Guðmundsson verkefnisstjóri áfangastaða- og markaðssviðs hjá landshlutasamtökunum á Vesturlandi kynna starfið í landshlutanum og aðdraganda þess að skipulaginu var breytt. Áfangastaðastofan sinnir stoðþjónustu við ferðamál í landshlutanum og er í dag alfarið í eigu og rekið af SSV, enda felst í því samlegð. Þau vinna að framþróun, eflingu og auknum gæðum ferðamála í landshlutanum. Þau kynna helstu áherslur og þau verkefni sem unnið er að í samstarfi við hagaðila.

c. Samstarf Ferðamálastofu við markaðs- og áfangastaðastofur

Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs hjá Ferðamálastofu kynnir samstarf stofnunarinnar við áfangastaðastofur sem almennt er mjög gott. Hann tiltók fyrimyndarverkefni sem unnin hafa verið á Suðurlandi s.s. vita- og hjólaleiðir. Hann fer yfir hlutverk áfangastaðastofu og hvað lá til grundvallar stofnunar þeirra.

Fyrrgreindir aðilar svöruðu spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna.

Niðurstaða stjórnar er að fá stjórn og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands til fundar til að fara nánar yfir málið og er framkvæmdastjóra falið að boða til hans.

**3. Ársþing SASS 2023**

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar 2023

Varaformaður kynnir undirbúning fyrir ársþing samtakanna kynnir nokkrar hugmyndir að mögulegu þema og umræðuefni. Niðurstaða stjórnar er að skoða nánar umfjöllun um eftirfarandi: *lýðfræðilega þróun, stafræna þróun og stjórnsýslu, húsnæðismál og orkumál - aðgengi að orku.* Unnið er út frá þemanu *„Hvar liggja ofurkraftar sunnlensks samfélags?"* Formanni og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur og útfærsla skv. umræðum á fundinum.

b. Starfsskýrsla SASS 2022 – 2023

Er í vinnslu.

c. Fjárhagsáætlun 2024

Er í vinnslu og stjórn vísar henni til umræðu í Fjárhagsnefnd samtakanna.

d. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda

Tillaga liggur fyrir fundinum sem stjórn vísar til umræðu í Fjárhagsnefnd.

e. Milliþinganefndir

Varaformaður kynnir að í vikunni hafi kynningarfundur verið haldinn fyrir formenn og starfsmenn milliþinganefnda. Á fundinum var farið yfir skipan nefnda, efnistök, verklag, hlutverk og hvernig skila skyldi niðurstöðum nefnda til SASS til að þau geti fylgt gögnum til þingfulltrúa. Boðað hefur verið til fyrstu funda hjá nefndum í næstu viku.

**4. Menningarverðlaun Suðurlands 2023**

Stjórn SASS samþykkir að halda áfram veitingu Menningarverðlauna Suðurlands og skipar Magnús Karel Hannesson, Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur og Gauta Árnason í valnefnd um úthlutun menningarverðlauna 2023. Til vara eru Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Ingvi Már Guðnason hjá SASS verður nefndinni til aðstoðar.

**5. Menntaverðlaun Suðurlands 2023**

Stjórn SASS samþykkir að skipa Ingunni Jónsdóttir hjá Háskólafélagi Suðurlands og Einar Frey Elínarson í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Til vara eru Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Ingvi Már Guðnason hjá SASS verður nefndinni til aðstoðar.

**6. Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 560. og 561. funda stjórnar SSH, fundargerð fagráðs atvinnu- og nýsköpunar hjá SSNE, fundargerð 175. fundar stjórnar SSV og fundargerð 931. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað fram undan er en meðal atriða má nefna: Frágang á samstarfssamningum um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Stefán Friðriksson hefur verið ráðinn byggðaþróunarfulltrúi í Rangárvallasýslu og Lína Björg Tryggvadóttir hefur verið ráðin fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum. Opnað verður fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í næstu viku. Undirbúningur fyrir ársþing samtakanna. Umsögn um samgönguáætlun 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 og umsögn um tillögu Landsnets að kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi 2023-2032.

c. Sóknaráætlun Suðurlands

Varaformaður kynnir að opnað verði fyrir umsóknir í síðari úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands þann 5. september nk. Umsóknarfrestur verður til kl. 16:00, þriðjudaginn 3. október nk. Til úthlutunar verða um 40 m.kr. að þessu sinni.

Stjórn SASS tekur til umfjöllunar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands og samþykkir nýjar úthlutunarreglur með þeim breytingum að reiknað tímagjald vegna eigin vinnu styrkþega hækkar og verður eftir breytinguna kt. 5.700.- Endurskoðaðar úthlutunarreglur taka strax gildi og verða birtar á heimasíðu SASS samhliða því að opnað verður fyrir umsóknir í sjóðinn.

d. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands

Varaformaður kynnir að svar hafi borist frá fyrirsvarsmönnum Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands við spurningum stjórnar þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um rekstraráætlun, útgjöld og sjálfbærniáætlun áður en erindi hljómsveitarinnar yrði sent áfram til sveitarfélaganna.

Niðurstaða stjórnar er að fresta afgreiðslu málsins.

Næsti fundur stjórnar verður aukafundur haldinn í fjarfundi föstudaginn 15. eða 29. september nk.

Fundi slitið kl. 15:10

Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Gauti Árnason

# 600. fundur stjórnar SASS

## fjarfundur

## 18. september 2023, kl. 11:00 – 13:20

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson varaformaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Undir dagskrárlið 2 taka þátt frá Markaðsstofu Suðurlands (MSS) úr stjórn Katrín Ó. Sigurðardóttir, Ágúst Elvarsson, Geir Gígja, Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Fannar Vigfússon og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmdastjóri MSS. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundar hugbúnað.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

**1. Fundargerðir**

Fundargerðir 598. og 599. funda staðfestar en þær verða undirritaðar síðar.

**2. Skipulag og rekstur á áfangastaðastofu**

Formaður fer yfir umræður frá síðasta fundi stjórnar um hvernig skipulagi og rekstri áfangastaðastofu er háttað í öðrum landshlutum.

Ragnhildur framkvæmdastjóri MSS kynnir starfsemina en hlutverk markaðsstofunnar er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar á Suðurlandi. Meginverkefni áfangastaðastofu er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir landshlutann og markaðssetja áfangastaðinn Suðurland. Hún kynnir helstu áherslur, markaðsaðgerðir og þau verkefni sem fram undan eru s.s. uppfærsla áfangastaðaáætlunar. Meginþemað er að samstarf eykur slagkraft.

Niðurstaða stjórnar er að fela formanni og framkvæmdastjóra SASS að vinna áfram að málinu.

**3. Ársþing SASS 2023**

Dagskrá ársþings og aðalfundar 2023

Formaður kynnir uppfærð drög að dagskrá ársþingsins sem taka mið af umræðu síðasta fundar um eftirfarandi efnistök: *lýðfræðilega þróun, stafræna þróun og stjórnsýslu, húsnæðismál og orkumál - aðgengi að orku.* Fyrir liggur að þema ársþingsins er. *„Hvar liggja ofurkraftar sunnlensks samfélags?"* Formanni og framkvæmdastjóra falinn nánari útfærsla samkvæmt umræðum á fundinum.

**4. Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 562. og 563. funda stjórnar SSH, fundargerð 176. fundar stjórnar SSV, samantekt um efnahagsumsvif Austurlands og fundargerð 932. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir að helsta verkefnið er undirbúningur fyrir ársþing samtakanna.

c. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands

Niðurstaða stjórnar er að samtökin geta ekki veitt styrk til reksturs sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. Fyrisvarsmenn hljómsveitarinnar geta hins vegar, líkt og aðrir Sunnlendingar, sótt um í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

d. Fjármálaráðstefna sambandsins

Formaður kynnir kvöldboð sem haldið verður fyrir sunnlenskt sveitarstjórnarfólk fimmtudaginn 21. september nk. í tengslum við fjármálaráðstefnu sambandsins. Framkvæmdastjóra falin útfærsla í samræmi við umræður fundinum.

e. Ársþing SASS 2024

Formaður kynnir að verið sé að kanna hvar hægt er að halda ársþing samtakanna 2024. Formanni og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 6. október nk.

Fundi slitið kl. 13:20

Ásgerður K. Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson

# Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

## Haldinn 19. september 2023 kl. 13:00 í fjarfundarbúnaði Teams

Mættir voru 23 fulltrúar, þar af 18 með atkvæðisrétt.

### 1. Opnun fundar

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hún til að hún sjálf yrði fundarstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson fundarritari.

Tillögurnar voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

### 2. Kynning og samþykkt á tillögum starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynnti tillögur starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu.

Þorsteinn Stefánsson nemandi í Háskóla Íslands kynnti drög að líkani (formúlu) sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu.

Umræður hófust svo kjölfarið. Að þeim loknum voru tillögur starfsnefndar bornar upp og samþykktar með meirihluta atkvæða.

### 3. Önnur mál

Rætt var um næstu skref samtakanna.

### Fundarslit

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir þátttökuna.

Fundi slitið kl: 14:00

**FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA**

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

8. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn miðvikudaginn 27. september 2023 kl. 15,45 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

**1. Beiðni um aukaframlag til reksturs 2023.** Í skoðun á rekstri safnsins kemur í ljós að halli er á rekstrinum og er fyrst og fremst tilkomin vegna fjármagnsgjalda og hækkun launa í kjölfar kjarasamninga. Þrátt fyrir aðhald í rekstri og frestun viðhaldsverkefna að upphæð þrjár milljónir króna óskar stjórn Byggðasafns Árnesinga eftir aukaframlagi í samræmi við framlagða rekstraráætlun og samþykkt Héraðsnefndar Árnesinga á haustfundi 2022. Safnstjóra falið að óska aukaframlagi að upphæð 4,7 milljónir króna.

**2. Starfsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2024.** Safnstjóri lagði fram Starfsáætlun safnsins fyrir árið 2024. Starfsemin verður svipuð og áður en áhersla lögð á markaðsátak á fyrrihluta ársins. Stjórn safnsins samþykkir starfsáætlunina.

**3. Rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga 2024.** Rekstraráætlun fyrir komandi ár lögð fram. Er hún gerð með útkomu reksturs fyrstu 8 mánuði ársins og spá um endanlega niðurstöðu. Kjarasamningar og hækkuð laun fyrir stjórnarsetu eru þess valdandi að hækka þarf framlög til safnsins. Einnig er framundan á næsta ári mikill viðhaldskostnaður á Húsinu og Assistentahúsinu. Stjórn safnsins samþykkir rekstraráætlunina fyrir sitt leiti.

**4. Samningur um afnot af Húsinu fyrir gestakomur.** Stjórn safnsins samþykkir drög að samningi. Safnstjóri kemur til að bjóða þeim aðilum sem eru að koma með hópa þennan samning.

5. **Starfsmannamál.** Starfsmannamál rædd.

6. **Ósk Héraðsskjalasafns Árnesinga um varðveisluhúsnæði.** Stjórnarformaður Héraðsskjalasafns Árnesinga hefur sent stjórnarformanni Byggðasafns Árnesinga ósk um að fá rými fyrir skjöl í Búðarstíg 22. Stjórnin telur ekki mögulegt að verða við þessari beiðni, óuppsegjanlegur leigusamningur er við Þjóðminjasafns Íslands sem gildir til 2029 og



SS ÁE ÞI L.P.

Byggðasafn Árnesinga þarf á öllu öðru rými að halda. Byggðasafn Árnesinga varðveitir 9 bretti af skjölum án endurgjalds fyrir skjalasafnið og eru brettin farin að þrengja að starfseminni. Stjórn Byggðasafns Árnesinga bendir á að á lóð Búðarstíg 22 er heilmikill ónýttur byggingarréttur. Samlegðaráhrif yrðu mikil við að hafa söfnin hlið við hlið.

7. **Leikfélag Eyrarbakka**. Nýstofnað leikfélag á Eyrarbakka hefur óskað eftir endurgjaldslausum afnotum af sal Búðarstígs 22 til funda og æfinga. Stjórn safnsins getur ekki orðið við beiðninni.

8. **Starfsemin.** Safnstjóri sagði frá starfinu. Safnstjóri hefur unnið að skráningu, gerð áætlana næsta árs, umsóknir í sjóði og gripið í gæslu og leiðsögn eftir þörfum. Safnverðir hafa unnið að gerð haustsýningarinnar „70 sögur á safni" sem opnaði um miðjan mánuðinn og sýnir valinn safnkost úr öllu héraðinu. Góð aðsókn hefur verið að safninu og fer vaxandi. Margir fóru Ásgrímsleiðina og komu við á safninu. Ný heimasíða er komin í loftið og verður kynnt við tækifæri. Einnig er öðru hvoru unnið að gerð nýs kynningarbæklings og kynningarskilta. Í haust verður unnið að nýskráningu, myndvæðingu safnmuna og eflingar fræðslustarfs byggðasafns Árnesinga. Í október verða fyrirlestrar í sal Búðarstígs 22 og opið hús. Lagðar hafa verið línur að jóladagskrá safnsins. Safnstjóri og safnverðir sækja sér endurmenntun fyrir tilhlutan styrkja frá Safnaráði.

9. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17,45.

Sandra Sigurðard

Þórhildur Ingvadóttir

[illegible]

[illegible]

**Hringvegur um Ölfusá**

Fundur vegna Hringvegar um Ölfusá með fulltrúum frá sveitarfélögum Árborgar og Flóahrepps 6. september 2023

**Mætt(ir):**

Árni Eiríksson Flóahreppur
Einar Óskarsson Vegagerðin
Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppur
Guðmundur Valur Guðmundsson Vegagerðin
Jón Heiðar Gestsson Vegagerðin
Margrét Ósk Aronsdóttir Vegagerðin
Rúnar Guðmundsson Árborg
Sigurður Þór Haraldsson Árborg

**Fjarverandi, fá afrit af fundargerð:**

Atli Marel Vokes Árborg
Svanur G. Bjarnarson Vegagerðin
Vigfús Þór Hróbjartsson UTU



| Nr. | Mál/Gögn | Erindi/Efni | Umsjón |
|---|---|---|---|
| 1 | Staða á framkvæmda-leyfi | Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 5. sept var vegsvæði í Efri-Laugardælaeyju tekið fyrir og stofnuð lóð undir veginn þar. Það kom ekki erindi frá skipulagsnefnd vegna útgáfu framkvæmdarleyfis. Eftir grenndarkynningu átti eftir að vinna úr þeim athugasemdum sem bárust fyrir útgáfu framkvæmdarleyfis.<br><br>Hulda og Árni athuga stöðuna á þessu máli.<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>***Flóahreppur:*** Það á eftir að vinna úr þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust vegna kynningar á framkvæmdarleyfi.<br>Stefnt er að því að afgreiða framkvæmdarleyfi á næstu dögum, mögulega eftir sveitarstjórnarfund 5. september.<br>Lagt er til að halda næsta fund 6. september í stað 30.ágúst vegna þessa.<br>**Árborg**: Eru klár með framkvæmdaleyfi en ætla að gefa út á sama tíma og Flóahreppur. | |
| 2 | Svæði fyrir aðstöðu verktaka | Ekki rætt.<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>Vegagerðin bókar fund með golfklúbbnum til þess að fara yfir afmörkun svæðisins ásamt hönnun skurðar í og við veghelgunarsvæðið.<br><br>Vegagerðin þyrfti að fá frá Árborg hvernig skuli skila reitum sem verktaki notar sem aðstöðu á framkvæmdartíma.<br>Aðkoma að mögulegri aðstöðu verktaka austan ár yrði frá Laugardælavegi og keyrt um veghelgunarsvæði. Atli og Rúnar taka þetta til sín og skoða þessi mál. | VG<br><br><br><br>Árborg |

**Vegagerðin**

Fundarrritari
Margrét Ósk
Aronsdóttir

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | Einholtsvegur og frágangur við undirgöng beggja vegna ár | Gögn vegna Einholtsvegar og stígar komin til Vegagerðarinnar. Vegagerðin ítrekar að kostnaðaráætlun þurfi að fylgja.<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>Árborg upplýsir um það að Bárður Árnason, ráðgjafi hjá Eflu sé með umsýslu, f.h. Árborgar yfir samantekt gagna vegna Einholtsvegar.<br>Bárður búinn að senda verklýsingu fyrir hönnun og framkvæmd. Vegagerðin búin að taka þær upplýsingar og setja inn í sniðmát útboðslýsingar og senda aftur á Árborg og Bárð til yfirlestrar. Vegagerðin óskar eftir skilgreiningu og verklýsingu fyrir stíg samsíða Einholtsvegi. Árborg boðar fund með Bárði og Vegagerðinni til þess að fara yfir útistandandi mál vegna Einholtsvegar. | Árborg |
| | Landmótun og skipulag við Árbakkahverfi og golfvöll | Óleyst varðandi Árbakkahverfi. Síðustu forvöð að ná þessu inn í útboðsgögn. Annars þarf sveitarfélagið að leysa sjálft.<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>Árborg boðar fund með forsvarsmönnum Árbakkahverfis og Vegagerðinni til þess að ræða skurði og hljóðmön sem liggja í og fyrir utan veghelgunarsvæði. | Árborg |
| | Tengingar við Laugardælaveg<br><br>Stígur við undirgöng Laugardælavegar | Sveitarfélögin taka afstöðu til þessara tenginga í vikunni.<br>Árborg lætur útbúa verklýsing/kröfulýsingu fyrir þær vegtengingar sem eiga að vera með í útboðinu, í samráði við Flóahrepp (UTU).<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>Tengingar við Laugardælaveg skulu fara með í útboðið.<br>Árborg sýnir tillögur sem eru á borði sveitarfélagsins, samsvarandi og forhönnun. Árborg kannar hvort að þær tengingar sem gerðar voru í forhönnun samsvari ekki óskum sveitarfélagsins.<br><br>Vegagerði spyr hvort Árborg ætli að gera eitthvað við núverandi Laugardælaveg þar sem hann verður notaður sem göngu- og hjólastígur. Stendur ekki til. Vegagerðin tengir því stíg úr undirgöngum við núverandi Laugardælaveg eins langt að þurfa þykir til þess að uppfylla hönnunarkröfur. | Árborg/Flóahr. |
| | Skil á aflögðum kafla Hringvegar | Það hafa komið upplýsingar frá Árborg og Flóahrepp vegna skila á aflögðum vegi. Vegagerðin felur verktaka að taka niður ljósastólpa og skilti ásamt því að fræsa malbik og snyrta svæðið. Vantar nánari útskýringar á snyrtingu svæðis. Sveitarfélögin skila afstöðu við lok vikunnar.<br><br>***Frá síðasta fundi:***<br>Eins og hefur áður komin fram mun Vegagerðin taka niður staura, stikur og skilti á núverandi Hringvegi frá hringtorgi við Gaulverjabæjarveg og austur þar sem að nýr Hringvegur tengist við núverandi Hringveg.<br><br>Árborg og Flóahreppur taka samtali um það hvernig þau óska eftir því að fá vegstubbinn/landið undir aflögðum vegi afhent. Árborg og Flóahreppur leggja til að malbik verði fræst af og vegurinn jafnaður út að mestu. | Árborg / Flóahreppur |
| | Rýni útboðsgagna | Vegagerðin áréttar að allir verkkaupa í verkinu verði með fulltrúa í samlestur útboðsgagna 21. og 22. september sbr. pósti sem var sendur út þann 25.ágúst 2023 um tímalínu fyrir lokametra verkefnisins | |



Vegagerðin

<table>
<tr><td></td><td>Góðan dag<br><br>Ég vil biðja ykkur um að taka frá tíma fyrir samlestur útboðsgagna, fyrir verkefnið „Hringvegur um Ölfusá", dagana 21.-22. september.<br><br>Tímalínan á næstu 5 vikum er eftirfarandi:<br>Í dag og til 10. sept — Vinna við að klára útboðsgögn<br>11.-12. september — Útboðsgögn í rýni innanhúss hjá Vegagerðinni. Samræmingarhönnuður lagna (Mannvit) sendir út lagnakafla til yfirlestrar hjá öllum verkkaupum í vikunni (11-15. sept).<br>18.-19. september — Heildarpakki útboðsgagna samsettur og tilbúinn. Sendur út til allra verkkaupa til yfirlestrar.<br>21-22. september — Samlestur útboðsgagna með öllum verkkaupum.<br>25.-29. september — Útboðsgögn send á þátttakendur í útboðinu. Til upprifjunar þá voru umsækjendur 5 talsins og stóðust allir hæfiskröfur.<br><br>Líklega mun sameiginlegi yfirlesturinn ekki þurfa tvo daga, en ég mun senda fundarboð þegar nær dregur. Ég vil samt biðja alla að taka frá tíma í dagatalinu sínu fimmtudaginn 21. og föstudaginn 22. september fyrir þetta verkefni.<br><br>Verkkaupar sem standa að útboðinu eru eftirtaldir:<br>• Vegagerðin<br>• Sveitarfélagið Árborg (þar með talið vatnsveita, fjarskipti og hitaveita (Selfossveitur))<br>• Sveitarfélagið Flóahreppur (þar með talið vatnsveita og fjarskipti)<br>• HS Veitur<br>• Rarik<br>• Landsnet<br>• Míla<br>• Ljósleiðarinn<br><br>Ég bið því alla verkkaupa að tryggja að þeir hafi mannskap, innanhúss eða hjá ráðgjöfum, tilbúinn til að sinna þessu verkefni á þessum komandi vikum, sérstaklega í tengslum við yfirferð útboðsgagna og samlestur þeirra.<br><br>Vegagerðin sendir út fundarboð vegna samlesturs útboðsgagna 21. og 22. september.</td><td></td></tr>
<tr><td>Færsla ljósleiðari Flóaljóss</td><td>Flóaljós vill meina að þeim sé gert að færa ljósleiðara fyrir utan veghelgunarsvæði. Ósk um umræðu um kostnaðarskiptingu.<br>Hulda tengir Vegagerðina og fulltrúa Flóaljóss saman til umræðuvettvangs.</td><td></td></tr>
<tr><td>Næstu skref</td><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td>Sveitarfélög taka afstöðu til tenginga af Laugardælavegi.</td><td>Árborg/Flóahreppur</td></tr>
<tr><td></td><td>Sveitarfélög taka afstöðu til skil á aflögðum vegi.</td><td>Árborg/Flóahreppur</td></tr>
<tr><td></td><td>Flóahreppur athugað með útgáfu framkvæmdarleyfis.</td><td>Flóahreppur</td></tr>
<tr><td></td><td>Kostnaðaráætlun vegna Einholtsvegar.</td><td>Árborg</td></tr>
<tr><td></td><td>Vegagerðin sendir út fundarboð vegna samlesturs útboðsgagna</td><td>Vegagerðin</td></tr>
</table>